

10. ráðstefnan um íslenska
þjóðfélagsfræði
Háskólanum á Akureyri – 21.-22. maí 2016



Ágripahefti

Laugardagur 21. maí

Málstofa 1: Hér varð „svokallað“ hrun (M101)

Pólitískt skilyrt (van)traust? Fjölmíðlar, stjórnmal og kjósendur

Birgir Guðmundsson, Háskólinn á Akureyri

Vantraust hefur verið áberandi í íslenskri samfélagsumræðu og mælingar sýna að mikilvægar stofnanir samfélagsins hafa eki tiltrú hjá almenningi. Gildir það bæði um stjórnkerfið, stjórnmalin og fjölmíðlana. Þrátt fyrir að íslenskur umræðuvettvangur fjölmíðla hafi verið talinn hafa færst frá því að einkennast af flokkspólitík og yfir til markaðsmíðlunar – frá því að einkennast af ytri fjölbreytni sem borin var uppi af mörgum yfirlýstum málögnum yfir í innræni fjölbreytni þar sem hver og einn markaðsmíðill býður upp á upplýsingapakka sem þar sem öll mikilvæg sjónarmið eiga að koma fram á grundvelli faglegs mats – virðist enn eima eftir af flokkspólitískri upplifun fjölmíðlanna. Þetta lýsir sér í m.a. í lítilli tiltrú stjórnmalamanna og kjósenda á fjölmíðlum og vantrú á að fagleg sjónarmið ráði för í pólitískum fréttaplutningi og fréttamati. Í erindinu er kortlagt hvernig þetta (van)traust birtist með hliðsjón af flokkspólitík á grundvelli kannana meðal frambjóðenda í alþingiskosningunum 2013, sveitarstjórnarkosningunum 2014 og meðal kjósenda í árslok 2015.

Íslenskir fjölmíðlar; vatnaskil framundan?

Friðrik Þór Guðmundsson

Siðareglur Blaðamannafélags Íslands hafa verið í gildi í 50 ár og í grunninn hafa siðaviðmiðin þar lítið breyst. Regluverkið er stutt og almennt og sú nálgun hefur haldið sér að veita siðanefnd hvers tíma rúmt svigrúm til túlkunar - og taka tillit til ríkjandi tíðaranda. Greining á úrskurðum siðanefndar leiðir enda í ljós talsverðar breytingar; framsetning og úrvinnsla ritstjórnarefnis sem þótti brotleg fyrir 30 til 50 árum væri að mati höfundar í ýmsum tilvikum ekki brot á siðareglum í dag og nefnir dæmi þessu til stuðnings. Um leið blasir við að hlutfall brotaúrskurða siðanefndar BÍ hefur í gegnum árin lækkað úr 68% í 20% og leitast höfundur við að rekja mögulegar skýringar á þeirri þróun. Samhliða þessu hefur kærur fjölgað mikið almennt og einnig hafa orðið miklar breytingar á því frá hvers kyns aðilum kærur berast; kærur sem voru pólitískar í eðli sínu og kærur fjölmíðlamanna sjálfra gegn kollegum sínum hurfu smám saman alfarið. Eða þangað til ein slík barst nýverið og veltir höfundur því upp, í ljósi breytinga á eignarhaldi og ritstjóravali ýmissa fjölmíðla, hvort hvort pólitík og fjölmíðlun séu eða muni á ný samtvinnast í auknum mæli.

Panamamótmælin á Austurvelli, apríl 2016: Könnun á þátttöku og viðhorfum almennings

Jón Gunnar Bernburg, Háskóli Íslands

Fjöldamótmælin sem brutust út á Austurvelli og víðar fjórða apríl síðastliðinn, daginn eftir umfjöllun í Kastljósi ríkissjónvarpsins um Wintris málið og Panamalekann, eru einn stærsti einstaki mótmælaviðburður sem fram hefur farið hérlendis. Mótmælabylgjan sem fylgdi í kjölfarið er einstök líka að því leyti að mótmæli fóru fram nánast daglega í þrjár vikur. Í erindinu verður kynnt spurningakönnun sem Félagsvísindastofnun HÍ framkvæmdi í samstarfi við höfund á mótmælapátttöku og mótmælastuðningi meðal almennings. Í erindinu verða kynntar niðurstöður um hlutfallslega þátttöku almennings í mótmælunum, einkanlega mánudagsmótmælunum 4. apríl og laugardagsmótmælunum 9. apríl. Enn fremur verður fjallað um félags- og efnahagsleg einkenni þeirra sem þátt tóku í mótmælunum, auk þess sem kannað verður hvernig mótmælapátttaka og stuðningur tengjast stjórnmalaviðhorfum og kosningahegðun fólks. Loks verður „áhrifamáttur“ Kastljóspáttarins metinn með því að skoða hvort áhorf á þáttinn tengist mótmælapátttöku, að teknu tilliti til stjórnmalaviðhorfa, kosningahegðunar og félags- og efnahagslegra þátta. Rætt verður hvernig niðurstöður úr þessari rannsókn hjálpa okkur að túlka þessa markverðu atburði úr samtíma okkar.

Skattkerfið, hagkerfið og framtíðin – Markmið og tilgangur –

Einar Guðbjartsson, Háskóli Íslands

Allt hefur sinn tíma, mannanna verk er þar með talið. Skattkefi einstakra laga sem og alþjóðlegt er mannanna verk hefur sinn upphafstíma sem og lokatíma. En hvenær vitum við að „lokatíminn er kominn“? Getur það verið þegar markvirkni kerfisins þrýtur eða þegar kerfið er orðið valdataeki. Kerfið sjálft breytist ekki en allt í kringum það hefur breyst. Þó svo að fleiri lög, reglur og reglugerðir séu samþykktar á hverju ári þá er það ekki þar með sagt að gæði og markvirkni skattkerfis aukist í sama hlutfalli. Thomas Kuhn talar um þetta fyrirbæri í vísindum, að vísindi eru ekki „línulega tengd“ við nýja þekkingu, heldur fari í gegnum tímabundna endurskilgreiningu, þ.e. „paradigm shifts“. Er skattkerfið komið að þeim tímapunkti? Mikið hefur verið talað og ritað um að skattaskjól, lágar skattgreiðslu stórfyrirtækja og svo aðgerðir stjórnvalda til þess að bregðast við þessari þróun. En er hægt að halda einu kerfi óbreyttu, þ.e. skattkerfið, á meðan annað kerfi, þ.e. hagkerfið, hefur og er í stöðugum breytingarfasa. Þessi kerfi hafa færst, með hraðbyr á síðustu árum, fjær hvort öðru. Þrátt fyrir það að skattkerfið sé algjörlega háð hagkerfinu, þá er svo komið að það farið að vinna gegn því, á marga vegu. Er möguleiki á því að annað fyrirkomulag, en núverandi skattkerfi, geti skilað betri og meiri árangri en núverandi skattkerfi t.d. skilar sér í réttlátari skiptingu greiðslna til samfélagsreksturs. Erindið fjallar um nýja útfærslu á „skattkerfinu“ sem tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð til að standa straum að sameiginlegri þjónustu samfélagsins og af hverju núverandi skattkerfi er komið í öngstræti.

Málstofa 2: Byggðamál: Kjöt og fiskur (M102)

Þróun á fjárhagsstöðu íslensks sjávarútvegs frá tilkomu kvótakerfisins

Stefán B. Gunnlaugsson, Háskólinn á Akureyri

Í fyrirlestrinum verður farið yfir þróun á fjárhagsstöðu íslensks sjávarútvegs sl. 25 ár, þ.e. frá þeim tíma sem íslenska kvótakerfið náði yfir alla atvinnugreinina. Íslenskur sjávarútvegur hefur þurft að glíma við minni afla. Atvinnugreinin hefur lagað sig vel að þeirri neikvæðu þróun en íslenska kvótakerfið hefur hjálpað til við þá aðlögun. Aðlögunin hefur oft verið neikvæð en hún hefur m.a. falist í minni atvinnu, lokun verksmiðja og fækkun skipa. Sérhæfing hefur aukist og hefur greinin einblínt meir og meir á sérhæfða markaði. Hagnaður í íslenskum sjávarútvegi hefur aukist verulega. Þetta á sérstaklega við um fiskvinnsluna þar sem hagnaður hefur aukist mjög mikið. Meginástæðan fyrir því er kvótakerfið auk annarra ástæðna. Aukning hagnaðar hjá útgerðinni er hins vegar minni en hjá vinnslunni. Ástæður þessa eru einkum mikil hækking á olíuverði og tilkoma veiðigjaldsins sem er nú verulegur kostnaðarliður fyrir útgerðina. Skuldir atvinnugreinarinnar náðu hámarki árið 2008 eftir mikla aukningu sem byrjaði 2004. Þess þróun var að mestu vegna „fjármálabólunnar“ þó að kvótakerfið hafi skipt þar máli. Frá 2008 hefur fjárhagstaða atvinnugreinarinnar lagast mikið og er nú yfirleitt góð hjá flestum fyrirtækjum. Það á sérstaklega við stærstu og minnstu fyrirtækin en mörg sjávarútvegsfyrirtæki að millistærð eru enn í erfiðri stöðu. Allt þetta er rakið í fyrirlestrinum.

Til hvers sauðfjárrækt á Íslandi? Aðstæður og áskoranir í breyttum heimi

Jón Þorvaldur Heiðarsson, Háskólinn á Akureyri

Í erindinu verður farið yfir umfang sauðfjárræktarinnar árið 2014, hversu mörgum lömbum var slátrað úr hverjum landsluta og hversu mikil verðmætasköpun var í eldi sláturlamba, slátrun og úrvinnslu eftir landshlutum. Þá er farið yfir áætlaðan starfafjölda í greininni og landfræðilegt vægi starfanna. Sauðfjárræktin hefur verið ríkisstyrkt í tæplega öld en þó virðist sem alla umræðu vanti um það af hverju beri að styrkja hana og með hvaða hætti. Nefnd verða nokkur atriði sem gætu verið ástæða til ríkisaðstoðar og hvernig slík markmið ættu að marka stefnuna sem er tekin. Afkoma sauðfjárbænda er lök ef eingöngu er miðað við búreikninga sauðfjárbúa en þeir reikningar segja þó ekki alla söguna um líf skjör sauðfjárbænda.

Breytingar á atvinnuháttum sjávarbyggða á Íslandi – raundæmið Húsavík

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Þekkingarnet Þingeyinga

Miklar breytingar hafa víða átt sér stað í atvinnuháttum sjávarbyggða og víða hafa lítil þorp átt undir högg að sækja þegar engin sterkur atvinnuvegur kom í stað hverfandi sjávarútvegs. Þó eru dæmi um að annar atvinnuvegur eins og ferðaþjónusta hafi styrkst mikið undanfarin ár og breytt því landslagi sem fyrir var. Þekkingarnet Þingeyinga hefur kortlagt Húsavík sem sýnidæmi um hvernig þessar breytingar hafa áhrif á atvinnulíf og samfélagið sjálft. Notast var við viðtalsrannsókn en einnig almenna spurningakönnun. Niðurstöður sýna ýmsa jákvæða og neikvæða þætti, sem nota má sem viðmið fyrir samfélög sem standa frammi fyrir slíkum breytingum. Þar er bæði verið að horfa til ytri aðstæðna en einnig innri aðstæðna, stjórnunar og skipulagsmála í heimabyggð. Hvað hefði mátt betur fara og hvað var ekki hægt að sjá fyrir. Húsavík hefur, líkt og fjölmörg þorp og bæir á landsbyggðinni, horft á eftir sterkum heima-fyrirtækjum og tekist á við það skarð sem eftir var. Þessi rannsókn beinir sjónum að því hvernig heimamenn hafa upplifað breytingar í atvinnulífi undanfarna áratugi og hvernig framtíðarsýnin er fyrir komandi ár. Rannsóknin hefur verið í vinnslu í nokkra mánuði og er gerð með styrk frá Byggðastofnun. Skýrslan verður gefin út í apríl, þannig að kynning á niðurstöðum á ráðstefnunni í HA verður sú fyrsta utan heimabyggðar.

Nýliðun í landbúnaði og áhrif fjarlægðar frá Reykjavík

Vífill Karlsson, Háskólinn á Akureyri

Fækkun bænda og veiking sveitarsamfélaga hefur verið áhyggjuefni meðal þeirra sem vilja halda landinu öllu í byggð. Í rannsókninni er nýliðun í nautgripa- og sauðfjárrækt á Íslandi í brennidepli. Skoðað var hvaða áhrif fjarlægð frá Reykjavík, aldur einstaklinga, kyn, uppruni, búgrein og landsvæði hefði á nýliðun í greininni. Stuðst var við gögn yfir allar bújarðir á tímabilinu 2000-2009 sem skilaði tæplega 35.000 athugunum. Notað var tölfræðilegt logit líkan af hefðbundinni gerð til að greina gögnin ásamt fixed effect logit líkani fyrir panel gögn til stuðnings og frekari glöggvunar. Í ljós kom að þegar horft var á fjarlægð frá Reykjavík eru líkurnar á nettónýliðun minnstar á jaðri hennar en aukast eftir því sem fjær dregur og ná hámarki í 220 km. fjarlægð en dragast svo saman eftir það. Heilt yfir var nettónýliðun meiri hjá þeim sem yngri eru en hjá þeim eldri en óvænt kom í ljós að brottfall úr landbúnaði hefur verið meira hjá þeim sem ungir eru en hjá þeim sem eru á miðjum aldri. Þá er nýliðun meiri í sauðfjárrækt en nautgriparrækt, konur líklegri en karlar til að hefja búskap og það eigi sér frekar stað á Suðurlandi en annars staðar á landinu.

Málstofa 3: Afbrot og frávik (M201)

Afbrot og refsingar í fjórum norrænum eyjasamfélögum

Helgi Gunnlaugsson, Háskóli Íslands

Norræna sakfræðiráðið (Nordisk Samarbeidsråd for Kriminologi) beitti sér fyrir því í fyrra að settur var saman vinnuhópur norrænna fræðimanna. Markmiðið var að rannsaka á hvern hátt fámenn eyjasamfélög á norðurslóðum takast á við afbrot og refsingar (Kriminalitet, frihedsberøvelse og kontrol i nordiske øysamfund). Löndin eru Grænland, Ísland, Færeyjar og Álandseyjar og í hópnum eru fræðimenn frá þeim öllum. Á margan hátt eru löndin ólík en þau eiga sér samt ýmislegt sameiginlegt fyrir utan að vera eysamfélög. Grænland og Færeyjar eru enn nátengd Danmörku og réttarvörslukerfi þeirra danskt og starfsliðið allt danskir embættismenn. Ísland með sín sögulegu tengsl við gömlu herrapjóðina og Álandseyjar búa við sjálfstjórn í nánum tengslum við Finnland.

Hópurinn hélt sinn fyrsta fund í Þórshöfn í Færeyjum í nóvember á síðasta ári og er skýrsla með helstu niðurstöðum væntanleg í sumar. Á fundinum kynntu þátttakendur helstu niðurstöður sínar um stöðu afbrota og refsinga í löndunum fjórum. Jafnframt voru helstu aðilar réttarvörslukerfisins í Færeyjum heimsóttir, eins og lögreglan, dómstólar, fangelsismálastofnunin, umboðsmaðurinn og Fróðskaparsetrið við háskólann í Þórshöfn. Í erindinu verður greint frá réttarfarslegum einkennum eyjasamfélaganna fjögurra og hvaða lærdóm við Íslendingar getum dregið af okkar eigin réttarfars sögu í samanburði við hin löndin þrjú.

Aukning í kannabisnotkun íslenskra unglinga

Ársæll Már Arnarsson, Gísli Kort Kristófersson og Þóroddur Bjarnason, Háskólinn á Akureyri

Inngangur: Síðastliðna áratugi hefur verulega dregið úr áfengisdrykkju íslenskra unglinga. Tilgangur þessarar rannsóknar var að magnbinda þessa minnkun með nákvæmum hætti og bera hana saman við þróun í kannabisneyslu á sama tíma.

Aðferð: Við notuðum gögn frá Evrópsku vímuefnarannsókninni (ESPAD - European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs) sem Ísland hefur verið þátttakandi í frá árinu 1995. Í úrtakinu eru allir nemendur í 10. bekk, en þar af svöruðu 3.814 þegar hún var lögð fyrir 1995 og 2.336 árið 2015. Helstu breytur til skoðunar voru tíðni áfengis- og kannabisnotkunar yfir ævina.

Niðurstöður: Hlutfall nemenda í 10. bekk sem aldrei höfðu notað áfengi jókst frá 20,8% árið 1995 í 65,5% árið 2015. Einnig varð fækkun í fjölda þeirra sem sögðust hafa neytt áfengis 40 sinnum eða oftar yfir ævina – úr 13,7% í 2,8% á þessu tuttugu ára tímabili. Sömuleiðis varð aukning í hlutfalli þeirra sem sagðist aldrei hafa prófað kannabis úr 90,2% í 92,0%. Hinsvegar sást talsverð aukning meðal nemenda sem sögðust hafa notað kannabis 40 sinnum eða oftar yfir ævina, en þeir voru 0,7% af úrtakinu árið 1995 en 2,3% árið 2015. Engin munur sást milli kynja.

Ályktanir: Þó verulega hafi dregið úr áfengisneyslu íslenskra unglinga á síðustu tveimur áratugum og færri þeirra segist hafa einhvern tímann prófað kannabis, þá hefur unglingum í mikilli kannabisneyslu fjölgað umtalsvert. Þessi þróun kallar á sértæka forvarnarnálgun sem ætti að beinast að þessum hópi.

Að kæra nauðgun í litlu bæjarfélagi

Guðrún Katrín Jóhannesdóttir, Háskóli Íslands

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á þau félagslegu ferli sem geta farið af stað þegar nauðgun er kærð í litlum bæjarfélögum á Íslandi. Í rannsókninni er upplifun kvenna sem kærðu nauðgun á unglingsaldri skoðuð sem og viðbrögð bæjarbúa við nauðgunarkærunni sem lögð var fram í bæjarfélögunum. Þá er reynsla fagaðila af þess konar málum skoðuð. Um er að ræða tilviksrannsókn (e. case study) þar sem þrjú tilvik voru skoðuð. Gagnasöfnun fór fram með viðtölum við 35 einstaklinga og í gegnum rýnihópa. Þátttakendur rannsóknarinnar voru þrjár konur sem höfðu kært nauðgun á unglingsaldri, einstaklingar sem bjuggu í bæjarfélaginu þegar nauðgunin var kærð og fagaðilar sem hafa starfað með brotapolum í sams konar málum. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að konunum var refsað með ýmsum hætti í kjölfar kærunnar af bæjarbúum. Í refsingunum fólst svo sem líkamlegt ofbeldi, hunsun, neikvæð svipbrigði, auðmýkjandi nafnaköll og illt umtal. Hluti bæjarbúa tóku ekki afstöðu með stúlkunum af ótta við afleiðingarnar sem af því myndi hljóta. Þá er eftirtektarvert að það voru stúlkur sem voru virkastar í að refsa brotapolunum og að brotapolar ákváðu að flytja í burtu úr bæjarfélaginu vegna þessa mótlætis sem þær upplifðu.

Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir, Háskóli Íslands

Fatlaðar konur eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi á lífsleiðinni en aðrar konur. Íslenskar og erlendar rannsóknir hafa varpað ljósi á ólíkar birtingarmyndir ofbeldis gegn fötluðum konum og sýnt ennfremur að konurnar fá sjaldan stuðning til að takast á við afleiðingar ofbeldisins. Í erindinu verður fjallað um niðurstöður rannsóknar sem Rannsóknasetur í fötlunarfræðum vann að á árunum 2013 til 2015. Markmið rannsóknarinnar var að auka þekkingu á ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningi fyrir brotápola. Rannsóknin byggði á eigindlegum aðferðum. Haldnir voru rýnihópar og tekin einstaklingsviðtöl við fatlaðar konur auk þess sem tekin voru viðtöl við ráðgjafa sem starfa hjá félagasamtökum sem veita brotapolum stuðning og aðila sem hafa reynslu af því að styðja fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Niðurstöður benda til þess að hefðbundnar skilgreiningar á ofbeldi endurspegli ekki réttilega reynslu fatlaðra kvenna og algengustu birtingarmyndir ofbeldis í lífi þeirra. Að mati kvennanna sem tóku þátt var andlegt ofbeldi og mismunun algengasta birtingarmynd ofbeldis. Þátttakendur undirstrikuðu jafnframt tengsl ofbeldis gegn fötluðum konum við valdaleysi þeirra, algengar staðalmyndir og fordóma sem þær mæta í daglegu lífi. Þetta eru þættir sem bæði ýta undir ofbeldi í garð fatlaðra kvenna og hindra aðgengi þeirra að réttlæti og stuðningi til að vinna úr afleiðingunum ofbeldis. Þátttakendur kölluðu eftir aukinni valdeflingu og stuðningi sem skipulagður er af fötluðum konum og fyrir fatlaðar konur.

Málstofa 4: Jafnrétti og barnalán (M202)

Jafn réttur til fæðingarorlofs – hvernig taka pólskir og íslenskir foreldrar ákvörðun um tilhögun fæðingarorlofs og umönnun barns?

Ásdís A. Arnalds, Háskóli Íslands

Árið 2000 voru lög um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000) samþykkt á Alþingi. Þegar lögin voru sett var ekkert land sem veitti feðrum jafn margar vikur í fæðingarorlofi með sambærilegum greiðslum. Þar sem Ísland hefur verið fyrirmynd annarra þjóða þegar kemur að því að veita feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs, er mikilvægt að skoða hvernig tekist hefur að uppfylla markmið laganna um að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu og atvinnulíf. Töluvert hefur verið ritað um hvernig orlofsnýting feðra tengist bakgrunni þeirra og stöðu en samt hafa rannsóknir hingað til ekki beint sjónum að því hvernig innflytjendur á Íslandi hafa nýtt rétt sinn til töku fæðingarorlofs. Í erindinu er fjallað um hvernig lög um fæðingar- og foreldraorlof hafa nýst foreldrum af pólskum uppruna, en Pólverjar eru stærsti hópur innflytjenda hér á landi. Með spurningakönnun til foreldra, sem áttu sitt fyrsta barn árið 2009, var unnt að bera saman fæðingarorlofsnýtingu fólks með íslenskt og pólskt ríkisfang og greina verkaskiptingu þess í umönnun fyrsta barns. Með opnum eigindlegum viðtölum við 20 foreldra af íslenskum uppruna og 20 foreldra af pólskum uppruna fengust ítarlegri upplýsingar um hvernig foreldrar taka ákvörðun um skiptingu fæðingarorlofs milli móður og föður og hvað stendur í vegi fyrir því að feður fullnýti sjálfstæðan rétt sinn til fæðingarorlofs. Rannsóknin veitir þannig innsýn í það hvernig nýting foreldra á fæðingarorlofi og umönnun barna mótast af aðstæðum fólks, viðhorfum og gildismati.

Staða feðra í forsjármálum

Júlí Ósk Antonsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Jafnrétti og staða feðra hefur verið mikið í umræðunni undanfarið og er jafnan kastað fram tölfræði um að 90% barna búi hjá mæðrum sínum.

Ég hef verið að vinna að rannsókn á því hvort að lögin eða dómstólar mismuni feðrum á grundvelli kyns þeirra. Niðurstaða mín er að hvorki lögin né dómstólar geri upp á milli feðra og mæðra hvað varðar réttindi þeirra gagnvart börnum sínum.

Ég mun því fara yfir lögin og dómaframkvæmd og þær breytingar sem orðið hafa á síðustu árum í átt að auknu jafnrétti foreldra og jafnframt velta því upp hver sé möguleg ástæða þess að 90% barna búi hjá mæðrum sínum. Því í langflestum tilvikum þá semja foreldrar sjálfir um skipan forsjár yfir börnum sínum og langalgengast er að aðilar ákveði að börnin skuli búa hjá mæðrum sínum. Það eru því í raun feðurnir sjálfir sem gefa það eftir að börnin búi hjá þeim þrátt fyrir að þeir hafi sama lagalega rétt til þess að barnið búi hjá þeim og hafi sömu möguleika og móðir barnsins til að fá forsjá eða lögheimili barnsins fyrir dómstólum.

Siðferðisspurningar í tengslum við staðgöngumæðrun

Sigurður Kristinsson, Háskólinn á Akureyri

Surrogate motherhood has been prohibited by Icelandic law since 1996, but in recent years, couples have sought transnational surrogacy in India and the United States despite uncertainties about legal parental status as they return to Iceland with infants born to surrogate mothers. This reflects global trends of increased reproductive tourism, which forces restrictive regimes not only to make decisions concerning the citizenship and parentage of children born to surrogate mothers abroad, but also to confront difficult moral issues concerning surrogacy, global justice, human rights and exploitation. In March 2015, a legislative proposal permitting altruistic surrogacy, subject to strict regulation and oversight, and prohibiting the solicitation of commercial surrogacy abroad, was presented in the Icelandic Parliament. The proposal aims to protect the interest of the child first, respect the autonomy of the surrogate second, and accommodate the intended parents' wishes third. After a brief overview of the development of the surrogacy issue in Iceland, this presentation describes the main features of this legislative proposal and evaluates it from an ethical and global justice perspective. It concludes that the proposed legislation is a response to problems generated by cross-border surrogacy in the context of evolving public attitudes toward the issue, and constitutes a valid attempt to reduce the moral hazards of surrogacy consistent with insights from current bioethical literature. Although the proposed legislation arguably represents an improvement over the current ban, however, difficult problems concerning evasive travel and global injustice are likely to persist until effective international coordination is achieved.

Hetjur og skúrkar: Reynsla kvenna af erfiðleikum við brjóstagjöf

Sunna Símonardóttir, Háskóli Íslands

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) mælir með að börn séu eingöngu á brjósti í 6 mánuði og með annarri fæðu til tveggja ára aldurs eða lengur. Þessi stefna hefur verið innleidd á Íslandi og tölur yfir hlutfall barna á brjósti sýna að 98% barna voru á brjósti þegar þau voru eins vikna gömul og 86% voru eingöngu á brjósti á þeim aldri. Brjóstagjöf er einnig algeng hjá þriggja mánaða gömlum börnum en 86% þeirra voru á brjósti og 67% eingöngu á brjósti. Þetta háa hlutfall bendir til þess að sú hugmynd að mæður eigi að hafa börn sín á brjósti sé menningarlega mjög ríkjandi hér á landi. Hugmyndin um að allar mæður geti undir öllum kringumstæðum brjóstfætt börn sín án vandkvæða, eins lengi og þær sjálfar vilja, er mjög sterk innan heilbrigðiskerfisins og mæður eru hvattar til þess að gefast ekki upp þó illa gangi. Það að barnið sé eingöngu á brjósti er skilgreint sem frumforsenda sterkra tengsla milli móður og barns og sem afar jákvæður þáttur þegar kemur að heilsu barnsins, nú og um alla framtíð. Reynsla þeirra mæðra sem að ekki gefa börnum sínum brjóst eða upplifa mikla erfiðleika við brjóstagjöfina hefur ekki verið skoðuð nægilega vel, en upplifanir þeirra stangast að mörgu leyti á við ráðandi vísindalega orðræðu innan ljósmóðurfræðinnar og hugmyndafræði hinnar „náttúrulegu“ og „góðu“ móður. Í þessari rannsókn verður reynsla þeirra dregin fram í dagsljósið með það að markmiði að skoða hvernig líkami móðurinnar er skilgreindur sem „gallaður“ og „ónáttúrulegur“ innan orðræðunnar og hvernig viðbrögð heilbrigðisstarfsfólks geta aukið á sektarkennd og skömm mæðranna.

Málstofa 5: Fjölmiðlar, iðn- og undirskipaðir (M101)

Sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðurinn á Íslandi á krossgötum

Ágúst Ólafur Ágústsson, Háskóli Íslands

Sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðurinn er mikilvæg og áhugaverð atvinnugrein hér á landi sem nýtur vaxandi umsvifa og alþjóðlegrar virðingar. Iðnaðurinn stendur hins vegar á krossgötum vegna fjölmargra áskorana sem blasa við honum. Breytt neytendahegðun og ný tækni ásamt samkeppni frá ólöglegu niðurhali svarta og gráa markaðarins kalla á opna umræðu um stöðu sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðarins hér á landi. Þessi vandamál skaða ekki einungis atvinnugreinina heldur einnig hagsmuni hins opinberra vegna glataðra skatttekna og minni umsvifa en ella.

Rannsókn höfundar lýtur að greiningu á efnahagslegu umfangi sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðar á Íslandi. Aldrei fyrr hefur virðisikeðja og hagrænt umfang alls sjónvarp- og kvikmyndaiðnaðarins verið greint hérlandis. Farið verður yfir veltutölur, fjölda ársverka og fyrirtækja, virðisauka, söluandvirði þjónustu, vægi í íslensku atvinnulífi og bein og óbein áhrif greinarinnar auk fleiri þátta. Þá verður einnig fjallað um áhrif iðnaðarins á skatttekjur hins opinbera og þau sett í samhengi við þann stuðning sem stjórnvöld leggja til iðnaðarins. Skattaumhverfi greinarinnar verður greint ásamt þeirri samkeppni sem íslensk fyrirtæki í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði glíma við. Lagt verður mat á hversu mikið ólögleg samkeppni kostar íslensk fyrirtæki og íslensk stjórnvöld. Að lokum verður fjallað um leiðir til úrbóta svo efla megi þennan iðnað til framtíðar bæði honum til hagsbóta en einnig íslensku samfélagi.

Tiltrú nærsamfélagsins á fjölmiðlum á landsbyggðinni

Birgir Guðmundsson og Markús Meckl, Háskólinn á Akureyri

Í þessu erindi er fjallað um tiltrú á svæðisbundnum fjölmiðlum á Norðurlandi og byggt á nýrri viðhorfskönnun sem gerð var á Dalvík, Húsavík og Akureyri. Ljóst er að tiltrú á fjölmiðla á landsvísu er ekki mikil ef RÚV er undanskilið, og í þessu erindi er leitað svara við því hvort sama mynstur komi upp á í héraði. Svæðisbundnir miðlar hafa jafnan verið taldir mikilvægir nærsamfélaginu, efla samfélagssamheldni og auka lýðræðislega þátttöku. Á sama tíma hafa vaknað spurningar um hversu vel innflytjendur frá öðrum löndum hafa náð að samlagast samfélaginu, m.a. á þessum þremur stöðum á Norðurlandi. Í erindinu er leitað svar við þeirri spurningu hvort samhengi sé milli afstöðu og trausts innfæddra íbúa og íbúa af erlendu bergi brotna til fjölmiðla og hvort greina megi tengsl milli afstöðu þeirra til svæðismiðla og þess hvernig þeir upplifa stöðu sína í nærsamfélaginu.

„Verið velkomnir Íslendingar“: Norsk fjölmiðlaumræða um „æskilega“ innflytjendur

Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir, Háskóli Íslands

Í kjölfar íslenska bankahrunsins í október 2008 jukust fólksflutningar frá Íslandi til muna. Stór hluti þeirra íslensku ríkisborgara fór til Noregs, sem var eitt af fáum löndum í Evrópu þar sem alþjóðlega fjármálakreppan hafði haft takmörkuð áhrif og atvinnuleysi var lítið. Í erindinu skoðum við hvernig fjallað er um þessa flutninga Íslendinga til Noregs í norskum netmiðlum, bæði í fréttum og í athugasemdum lesenda við fréttirnar. Við byggjum á síðnýlendukenningum (post colonial theories) og gagnrýnum nálgunum á hvítleika (critical whiteness studies), til þess að varpa ljósi á hvernig félagslegar orðræður um Íslendinga í Noregi endurspeglar víðtækari norskar umræður um kynþáttafordóma og menningarmun. Í norsku fjölmiðlaumræðunni er talað um Íslendinga sem sérstaklega eftirsóknarverða innflytjendur og bendir umfjöllun okkar á hvernig slík umræða skapar umræðuvettvang fyrir fordóma í garð annarra innflytjendahópa, þar sem stétt, þjóðerni og kynþáttur verða mikilvægir þættir. Greining á fjölmiðlaumræðunni endurspeglar jafnframt hvernig virði fólks er metið út frá efnahagslegum rökum nýfrjálshyggju og forsendum vinnumarkaðarins.

Fjölmiðlalæsiskennd í íslenskum framhaldsskólum

Elsa Ófeigsdóttir og Birgir Guðmundsson, Háskólinn á Akureyri

Fjölmiðlar gegna mikilvægu upplýsinga- og afþreyingarhlutverki í nútímasamfélagi. Sú færni sem felst í að geta greint skilaboð frá þeim með gagnrýnum hætti er því gríðarlega mikilvæg. Fjölmiðlar í dag eru á margvíslegu formi. Efni þeirra geta ýmist hafa farið í gegnum rýningarferli hliðvarða eða ritstjórna eða það getur einfaldlega verið texti skrifaður af óþekktri manneskju um málefni sem henni þykir áhugavert. Það getur reynst þrautin þyngri að greina ástæðurnar sem liggja að baki smíði fjölmiðlaskilaboða, hvaðan þau koma og hversu áreiðanleg þau eru. Fjölmiðlalæsi eflir þessa færni og hefur rutt sér til rúms sem einn af mikilvægari hæfileikum til að komast af í samfélagi nútímans. Í erindinu er greint frá rannsókn á því hvort markviss kennd í fjölmiðlalæsi fari fram á framhaldsskólastigi á Íslandi. Byggt er á eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem rýndar eru áfangalýsingar og kennsluáætlanir. Einnig var í sérstakri könnun leitað eftir viðhorfum kennara í fjölmiðlafræði við framhaldsskóla. Niðurstöður benda til að kennd í fjölmiðlalæsi sé ekki markviss og óvíst hvort hún fari yfirleitt fram að nokkru ráði.

Málstofa 6: Bókmenntaarfurinn og erindi hans við nútímann (M102)

Glíman við bókleysið

Brynhildur Þórarinsdóttir, Háskólinn á Akureyri

“Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur á eflaust drjúgan þátt í stöðu læsis þjóðarinnar ...” segir í aðalnámskrá grunnskóla (2011). Dokum aðeins við, “... stöðu læsis þjóðarinnar” - er það ekki einmitt læsið sem allir hafa áhyggjur af? Er það þá menningararfinum að kenna að unglingunum okkar gengur illa í PISA prófunum? Ber Snorri Sturluson ábyrgð á versnandi lesskilningi í upphafi 21. aldar? Hvaða bækur eiga börn og unglingar annars að lesa í skólanum og hvernig gengur að fá þau til að lesa þær? Rannsóknin Íslenska sem námsgrein og kennslutunga gefur mikilvægar vísbendingar um hvernig bókmenntakennd er háttað í grunn- og framhaldsskólum á landinu. Vettvangsathuganir og viðtöl við kennara sýna að framhaldsskólakennarar upplifa á margan hátt sömu vandamál og grunnskólakennarar: mesta áskorunin er að fá nemendur til að lesa bækur. Margir nemendur hafa litla reynslu af bóklestri og kennarar reyna alls kyns brögð til að fá þá til að bíta á agnið. Rannsóknin vekur því líka margar spurningar. Eiga Egill og Þórólfur til dæmis erindi við nútímabörn sem varla þekkja Jón Odd og Jón Bjarna? Brynhildur dregur fram niðurstöður rannsóknarinnar um bókmenntalestur og setur í samhengi við rannsóknir á lestraráhuga og lestrarvenjum barna og unglinga.

Heima – úti – heim

Dagný Kristjánsdóttir, Háskóli Íslands

Ævintýrin segja frá andfélagslega kolbítum sem fer út í heim og leysir þrautir, berst við dreka, og kemur heim aftur sigursæll og tilbúinn til að taka sér stöðu í samfélaginu. Ævintýrin er þannig ákveðin proskasaga og frumform þeirra eru þekkt í öllum löndum sem eiga sínar útfærslur á þeim. Það er kannski þess vegna sem bæði þessi gömlu bókmenntaform og barnabókmenntasaga getur orðið lykillinn að frjórrí samræðu milli menningarheima og ungs fólks í fjölmenningsamfélaginu sem er byrjað er að sjást stöðugt meira í skólastofum landsins. En til þess að búa til brýr milli samtíma og sögu, merkingar og klisja, þarf oft að vera mjög gagnrýnn á notkun yngri túlkana því að tíu ára gamlar staðfæringar og aðlaganir á klassískum verkum geta verið hallærislegri og óskiljanlegri en 300 ára gamlir textar í augum nemenda. Í fyrirlestrinum verður bæði fjallað um hvaða bókmenntaverk eru kennd og hvernig mögulega væri hægt að kenna þau með nýjum aðlögunum og tengingum.

Er fortíðin í kjölfarinu, hvað sem framtíðarbyrnum líður?

Kristján Jóhann Jónsson, Háskóli Íslands

Fjallað um íslenskukennslu, sérstaklega erindi menningararfsins við nútímann. Eru framtíð og fortíð andstæður? Á 19. öld töldu fræðimenn í bókmenntum og fagurfræði að farsællar framtíðar væri að leita í skilningi á fortíðinni en mikil ógæfa í því fólgin að hlaupa á flóttu undan fortíð sinni og sækja vatnið yfir lækinn. Á 20. öld hefur þetta snúist við, menn hneykslast á fortíðinni en hugsa mest um lækinn.

Leitað verður í viðtöl og vettvangsathuganir úr rannsókninni Íslenska sem námsgrein og kennslutunga. Þar liggja fyrir gögn úr heimsóknum í 10 grunnskóla og 5 framhaldsskóla. Vikið verður að fræðiritum, erlendum og innlendum, um skólakerfið og aldna bókmenntatexta. (m.a. Teaching Romanticism eftir Higgins og Ruston og Kunsten å lese Skjønnlitteratur eftir Skarðhamar). Nefndir verða til sögunnar menningarviðburðir sem eru upplýsandi um fortíð og nútíð (og kannski framtíð) eins og t.d. nýleg, afar vinsæl sýning á leikgerð úr Brennu-Njáls sögu.

Bókmenntaval í íslenskum grunn- og framhaldsskólum,

Jón Yngvi Jóhannsson, Háskóli Íslands

Umræður um hefðarveldi eða kanónu í bókmenntum (e. Literary canon) hafa verið áberandi í nágrannalöndunum undanfarin áratug eða svo og komust á nokkuð skrið í íslenskri menningarumræðu í kjölfar skoðanakönnunar sem Egill Helgason gerði í sjónvarpsþættinum Kiljunni vorið 2014.

Í alþjóðlegri umræðu um kanónu er hlutverk skólakerfisins, námsskráa og bókmenntavals í skólum jafnan talið meðal mikilvægustu áhrifaþátta á það hvaða bókmenntaverk og höfundar veljast inn í kanónu einstakra þjóða og málsvæða. Þótt finna megi fullyrðingar um mikilvægi skólakerfisins fyrir mótun kanónu í skrifum íslenskra fræðimanna hafa áhrif þess ekki verið rannsökuð skipulega áður.

Í íslenskum námsskrám er, ólíkt því sem gerist t.d. í Danmörku, hvergi minnst á hvaða „lykilverk“ íslenskrar bókmenntasögu nemendur eiga að þekkja til að uppfylla ákveðin hæfniprep. Í fyrri hluta fyrirlestrarins verður leitast við að greina hvaða hugmyndir birtast í íslenskum námsskrám um mikilvægi einstakra bókmenntaverka og höfundaverka. Einnig verður fjallað um hvaða forsendur liggja að baki markmiðum námsskráa um bókmenntasögu og þekkingu nemenda á einstökum bókmenntaverkum og þessar forsendur bornar saman við erlendar námsskrár.

Í fyrirlestrinum verður fjallað um bókmenntaval í íslenskum grunn- og framhaldsskólum á grundvelli gagna sem aflað hefur verið í rannsókninni „Íslenska sem námsgrein og kennslutunga“ sem unnin er á vegum Rannsóknarstofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu – íslenskustofu. Spurt verður hvort þetta val grundvallist á hugmyndum um þjóðernissjálfsmynd og kanónu fyrst og fremst eða hvort aðrir þættir, s.s. áhersla á áhugasvið nemenda og samsömun og jafnvel fjárhagsleg umgjörð skólanna hafi þar áhrif.

Málstofa 7: Börn og fjölskyldur (M201)

Ólík viðhorf barna og foreldra þeirra til líðan og lífsgæða barnanna

Snæfríður Þóra Egilsson og Linda Björk Ólafsdóttir

Áður fyrr var yfirleitt leitað til foreldra um upplýsingar er vörðuðu líf og líðan barna þeirra en sífellt meiri áhersla er nú lögð á að kanna upplifun og reynslu barnanna sjálfra. Í fyrirlestrinum verður greint frá niðurstöðum tveggja nýrra rannsókna. Annars vegar er um að ræða kerfisbundna yfirlitsrannsókn (systematic review) á heilsu, líðan og lífsgæðum þar sem svör langveikra eða fatlaðra barna (5-18 ára) og foreldra þeirra voru borin saman. Alls stóðust 39 fræðigreinar kröfur og rýnt var í niðurstöður með fylgnistuðlum og t-prófum. Hins vegar verður greint frá niðurstöðum íslenskrar rannsóknar sem beindist að lífsgæðum fatlaðra og ófatlaðra barna á aldrinum 8–17 ára. Svör barna og foreldra voru pörðuð, og með t-prófi háðra úrtaka og áhrifastærðum var kannað hvort og hvar mun væri að finna.

Báðar rannsóknirnar sýna að jafnaði meðal- eða litla samsvörum í svörum fatlaðra eða langveikra barna og foreldra þeirra, sér í lagi hvað varðar sálfélagslega þætti, félagsleg tengsl og tilfinningar. Þetta bendir til þess að foreldrar fatlaðra og langveikra barna vanmeti líðan og lífsgæði barna sinna. Niðurstöður virðast fyrst og fremst endurspegla ólík sjónarhorn og aðkomu barna og foreldra en hvorki ónákvæmni né skekkju. Brýnt er að afla í auknu mæli upplýsinga frá börnunum sjálfum og hafa þau með í ráðum um þætti sem varða líf þeirra og líðan. Þótt sjónarhorn foreldra sé mikilvægt er ekki hægt að ganga út frá því að það endurspegli skoðanir barnanna sjálfra.

Engin sjálfsgöð leið til að tryggja framtíðina: Ákvarðanir foreldra fatlaðra barna um skólagöngu

Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Stefán Hardon, Háskóli Íslands

Ein mikilvægasta ákvörðunin sem foreldrar fatlaðra barna þurfa að taka varðar skólagöngu. Þegar líður að skólagöngu standa foreldrar frammi fyrir spurningum um hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til að tryggja að börn þeirra mæti sem fæstum hindrunum og eigi sem mesta möguleika. Foreldrar þurfa að sýna bæði frumkvæði og fyrirhyggju og við ákvörðunina geta þeir byggt á eigin reynslu, upplýsingum og ráðgjöf. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvernig tveir ólíkir hópar foreldra, heyrandi foreldrar heyrnarlausra barna og seinfærir foreldrar fatlaðra barna tóku ákvarðanir tengdar skólagöngu barna sinna. Foreldrarnir áttu það sammerkt að taka ákvörðun með það að marki að stuðla að því að búa börnum sínum bestu mögulegu aðstæður en leiðirnar sem foreldrar fylgðust voru mjög ólíkar vegna samspils fjölmargra þátta. Þannig þurftu heyrandi foreldrar að fara út fyrir eigin reynslu og búa til leið fyrir barnið sitt sem þau þekktu ekki af eigin reynslu á meðan seinfæru foreldrarnir höfðu persónulega reynslu af því að vera fatlað barn í skólakerfinu. Auk þess var aðgengi seinfæru foreldranna að upplýsingum öllu erfiðara og leituðu þau því gjarnar til fagfólks sem þau þekktu og treystu. Báðir hópar foreldra fylgdu ekki alltaf ríkjandi orðræðum um hvaða úrræði þjónuðu hagsmunum mismunandi barna best. Þá hafði staðsetning foreldra gagnvart ríkjandi orðræðum um hlutverk þeirra í að skipuleggja skólagöngu einnig áhrif á möguleika þeirra til að stjórna leiðinni sem var farið.

Umbreytingar í krafti einkavæðingar

Kristín Dýrfjörð og Berglind Rós Magnúsdóttir, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands

Erindið tengist grein sem birtist eftir okkur í Research in Comparative and International Education nú í mars 2016. Þar fjöllum við um hvernig íslenskt leikskólakerfi hefur verið markaðsvætt á síðustu 10-15 árum og lítum til þess hvernig þróunin hefur verið annars staðar í heiminum. Greinin byggist að mestu á greiningu fyrirbyggjandi gagna út frá lykilhugtökum. Við skiljum á milli þess sem hefur verið nefnt kjörnuð og hjúpuð einkavæðing. Með hjúpaðri einkavæðingu (e. exogenous privatisation) er áherslan á að tryggja einkaaðilum aukið fjárhagslegt og pólitískt aðgengi að opinberu menntakerfi en kjörnuð einkavæðing (e. endogenous privatisation) felst í ferlinu þegar stýrikerfið sjálft hjá hinu opinbera er endurskipulagt út frá gildum, tungutaki og reglum markaðarins. Í erindinu ætlum við að fjalla um ólíkar birtingarmyndir hjúpaðrar markaðsvæðingar, þ.e. hvernig fleiri og fleiri fyrirtæki sækja inn á leikskólamarkaðinn, annað hvort í formi staðlaðra prógramma eða leyfisskyldra matstækja eða með því að stofna einkarekna leikskóla eða leikskólakeðjur. Við notum greiningarlíkan Fabricant og Fine (2012) til að skilgreina ólíkar birtingarmyndir en þau flokka bæði einkarekna leikskóla og ýmsar tilbúna lausnir og prógrömm sem eru seld leikskólum og hafa bein áhrif á starfshætti þeirra og faglegt sjálfstæði kennara. Að lokum veltum við fyrir okkur mögulegum áhrifum á faglegt sjálfstæði einstakra leikskóla og leikskólakennara þegar hið opinbera, sveitarfélög eða einstakir stjórnendur leikskóla framselja fagmennsku og starfshætti á ofangreindan hátt.

Málstofa 8: Klassík og kynjahlutverk (M202)

Ber einhver ábyrgð á jafnrétti í samspili fortíðar, nútíðar og framtíðar? Stefnumót við tíma á íslenskum menningarminjasöfnum og ábyrgð á veru/fjarveru kvenna

Arndís Bergsdóttir, Háskóli Íslands

Yfirskrift tíundu ráðstefnu íslenska þjóðfélagsins “Hraðbyr til framtíðar eða aftur til fortíðar” er kveikjan að þessum fyrirlestri. Hér verður leitast við að fara handan tvískiptingar á tíma og rúmi og rætt hvernig þeir þættir eru samofnir í stöðugri og virkri gerð/endurgerð hins efnislega. Skoðað verður hvernig slíkt samspil felur í sér siðferði og ábyrgð gagnvart kynjajafnrétti á íslenskum menningarminjasöfnum. Stuðst verður við hugmyndir Karen Barad um ‘spacetime-mattering’. Sú hugmynd fer handan þess sjónarhorns að fortíð, nútíð og framtíð séu rótföst fyrirbæri þar sem eitt hafi áhrif á annað í línulegu samhengi. Þau tímabil sem um ræðir séu fremur í sífelldri endurgerð þar sem mismunandi samsetningar skammtafræðilegra samtvinnana (e. quantum entanglements) feli í sér mismunandi útgáfur af samspili þátta – sem reiða sig ekki á fyrirframgefna tilvist hugmynda og hluta, en verða til við samspil innan þátta sem allir hafa jafna atbeina (e. intra-active agencies). Það feli í sér ótal ó/möguleika en jafnframt ábyrgð gagnvart því hvað telst með og hvað er undanskilið í sífelddri gerð og endurgerð veraldar, tíma og rúms. Sú ábyrgð vísar meðal annars til kynjajafnréttis og félagslegs réttlætis. Stuðst er við reynsluathuganir sem gerðar voru á framsetningu kvenna á íslenskum menningarminjasöfnum, þar sem fortíð, nútíð og framtíð spila saman og skoðað hvernig þær virku aðgerðir sem felast í framsetningum íslenskra menningarminjasafna á málefnum kvenna hafa skapað og stutt karllægar frásagnir.

„Já og svo fæ ég svo mikið samviskubit.“ Um samhæfingu fjölskyldu og atvinnu í daglegu lífi

Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Virkja eða vernda? Spáð í kynjuð viðhorf

Magnfríður Júlíusdóttir, Háskóli Íslands

Meðal stærstu ágreiningsefna á Íslandi er framtíðarnýting landsvæða, þar sem einkum er tekist á um hvort að besta nýting fyrir þjóðina og staðarsamfélög felist í því að virkja orkuauðlindir svæða eða vernda þau fyrir breytingum sem verða í kjölfar virkjanaframkvæmda. Þegar tekist er á um þessi mál er gjarnan talað um þjóðina, einstök landsvæði, hagsmunaaðila, efnahagsleg- og samfélagsleg áhrif, án þess að spá mikið í félagslegan fjölbreytileika. Í erindinu verður gerð grein fyrir kynjamun sem kom fram í könnunum á vegum faghóps um samfélagsáhrif orkunýtingar og verndar landsvæða, á síðastliðnum mánuðum. Niðurstöðurnar sýna að stóru línurnar í kynjamun á viðhorfum voru að konur töldu síður þörf á fleiri virkjunum í bráð og var meira umhugað um verndun svæða eins og miðhálendisins. Áhugaverður kynjamunur kom fram í viðhorfi til vatnsaflsvirkjana, meðal annars staðsetningar þeirra nálægt byggð. Í erindinu verður velt upp mögulegum skýringum á þeim mun sem fram kom, þar sem horft er til þátta eins og kynskipts vinnumarkaðar og kynjamunar í viðhorfum til umhverfismála.

Málstofa 9: Stormviðvörðun grunnskóla (M203)

Yfirvofandi hrun í stofnstærð grunnskólakennara

Stefán Hrafn Jónsson, Háskóli Íslands

Í rannsókninni er lagt mat á samsetningu kennarastéttarinnar í nútíð og framtíð með aðferðum lýðfræðinnar. Þekktar stærðir á aldurs- og kynjaskiptingu stéttarinnar sem og upplýsingar um útskriftir frá Háskólum eru notaðar til meta mögulega samsetningu og stærð stéttarinnar í framtíðinni. Með mismunandi forsendum um útskriftir úr kennaranámi má meta tilvonandi stærð og samsetningu grunnskólakennarastéttarinnar eftir 20-40 ár. Með því má gera mannfjöldapýramída fyrir kennarastéttina og mannfjöldaspá þar sem gengið er út frá forsendum síðustu ára. Með því má meta fjölda í kennarastéttinni miðað við að þróunin verði eins og síðustu ár eða með breyttum forsendum. Markmið rannsóknarinnar er að komast að því hver núverandi samsetning kennarastéttarinnar og hver er líkleg samsetning kennarastéttarinnar í framtíðinni. Hagnýtt gildi fyrir fagsamstök kennara og sveitarfélög er að búa yfir þessum upplýsingum til að styðja við stefnumótandi ákvarðanir, geta lagt mat á framtíðarþörf fyrir kennara miðað við komandi árganga grunnskólabarna og aðra aðila sem koma að kennaramenntun og starfi grunnskólakennara.

Byrjun á starfsferli nýútskrifaðra grunnskólakennara: Hvenær og hve fljótt þeir hætta

Helgi Eiríkur Eyjólfsen, Háskóli Íslands

Áhersla er á að þeir kenna börnum í grunnskóla hafi hlotið viðurkenningu sem grunnskólakennari sem er veitt efir sérmenntun. Ekki hefur þó áður verið lagt mat á hversu hátt hlutfall útskrifaðra kennara starfi að námi loknu við kennslu. Einnig hefur ekki verið áður reynt að meta hversu lengi nýútskrifaðir grunnskólakennarar haldast í kennslu. Það er ekki síður mikilvægt að halda í kennara en að mennta þá, þar sem mikill kostnaður er fólgin í fyrstu árum starfsins. Kennsla barna er flókið og erfitt starf sem að miklu leyti lærist við að kenna þrátt fyrir góðan undirbúning.

Tilgangur rannsóknar er að leggja mat á hver áhættusamasti tíminn fyrir nýja kennara er að hætta kennslu.

Við beitum aðferðum lifunargreiningar til að meta „lifun“ kennara í starfi. Við metum nýútskrifaða grunnskólakennara frá HÍ og HA á árunum 2008-12 og fylgjum þeim frá því að þeir byrja að kenna til og með ársins 2015. Við teljum að kennari sé við kennslu ef hann er félagsmaður Félags grunnskólakennara á viðkomandi ári. Við metum fólk sem fer í grunnskólakennslu. Til að falla úr hópnum þarf viðkomandi að hætta kennslu.

Frumniðurstöður benda til þess að 5 ára lifun nýútskrifaðra kennara sé 78%. Þeir sem eru í meiri áhættu til að hætta kennslu á fyrstu árum eru a) karlar (smbr. Konur), b) útskrifaðir frá HA (smbr. HÍ), c) útskrifaðir með diplóma (smbr. B.Ed.). Eftir átta ár má búast við að tæplega fjórði hver nýútskrifaður kennari hafi hætt kennslu.

Þjóðarsáttmáli um lágmarksárangur: Gagnrýnin skoðun á stefnu og boðuðum aðgerðum til að efla læsismenntun

Rúnar Sigþórsson, Háskólinn á Akureyri

Í kjölfar Hvítbókar um umbætur í menntun, sem gefin var út 2014, beitti mennta- og menningarmálaráðherra sér fyrir svokölluðum þjóðarsáttmála um læsi „um það markmið að öll börn geti við lok grunnskóla lesið sér til gagns“, eins og það er orðað á vef ráðuneytisins. Hvítbókin og þjóðarsáttmállinn sigldu í kjölfar mikillar umræðu um slakt gengi íslenskra unglinga á PISA-prófum undanfarinna ára. Meginmarkmið hvítbókarinnar, að því er varðar læsi, er að 90% nemenda nái þeim lágmarksárangri að geta „lesið sér til gagns“, en það er skilgreining hvítbókarinnar á læsishæfni þeirra nemenda sem ná að minnsta kosti hæfniprepi 2 á PISA-prófinu.

Í þessu erindi er leitast við að greina að hvaða marki aðgerðir sem boðaðar eru í þjóðarsáttmálanum beinast að ýmsum mikilvægum viðfangsefnum á sviði læsismenntunar í íslenskum skólum. Meðal þeirra er lágt hlutfall nemenda sem nær efstu hæfnisþrepunum á PISA-prófinu, kynjamunur, munur milli landshluta eða þjóðfélagshópa, minnkandi bóklestur barna og unglunga og rannsóknir á stöðu nemenda sem ekki ná góðum árangri á PISA-prófinu.

Meginniðurstaða erindisins er að þjóðarsáttmállinn sé byggður á öfgakenndu ofboði gagnvart niðurstöðum PISA-prófsins; að boðaðar aðgerðir byggist á þröngsýnni áherslu á tæknilega þætti lestrar, stöðluð viðmið um lestrarfærni, próf, ábyrgðarskyldu og skyndilausnir til að efla hæfni kennara. Aftur á móti skorti rökvísa og heildstæða framtíðarsýn á hvernig bregðast eigi við þeim viðfangsefnum sem rakin eru í erindinu, til dæmis með starfsþróun kennara, þróun skóla í átt að faglegum lærdómssamfélögum og samræmdum aðgerðum yfirvalda, almennra skóla, háskóla, foreldra og samfélags.

Kostnaðarfall íslenskra grunnskóla: Hvers vegna hefur meðalkostnaður íslenskra grunnskóla vaxið um þriðjung að raungildi á nýliðnum áratug?

Vífill Karlsson og Sveinn Agnarsson, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands

Rekstur grunnskóla er í dag fjármagnsfrekasti málaflokkur sveitarfélaga. Kostnaður þeirra er ákaflega misjafn og hefur farið verulega vaxandi undanfarinn áratug eða svo – eða um þriðjung að raungildi á hvern nemanda árin 2002-2014. Greining sýnir að óheppilegum rekstrareiningum hafi fjölgað í skólakerfinu á þessu tímabili. Enn fremur er vitað að einsetning grunnskólans var kostnaðarsöm. Hins vegar benda PISA kannanir til þess að íslenskum nemendum hafi farið aftur í samanburði við aðrar þjóðir. Í rannsókninni verða áhrifaþættir kostnaðar grunnskóla greindir og kostnaðarfall þeirra sett fram með formlegum hætti. Þá verður gerð tilraun til að meta áhrif gæða skólastarfs á kostnaðarmyndun þeirra, einsetning hans sem og óheppileg nemendasamsetning og sérþjónusta við skólastarf. Notaður verður panel gagnagrunnur yfir alla skóla á landinu árin 2004-2013.

Sunnudagurinn 22. maí

Málstofa 10: Svæðisbundin áhrif menntastofnanna: M101

Svæðisbundnir háskólar og uppbygging innviða

Ingi Rúnar Eðvarðsson, Háskóli Íslands

Nokkuð hefur verið fjallað um ýmis áhrif svæðisbundinna háskóla á umhverfi sitt. Þar má nefna efnahagsleg áhrif, aukna alþjóðlega straum og breytingar í mannauði með því að ráða háskólamenntað fólk til svæðisins og með því að mennta nemendur. Lítið hefur hins vegar verið fjallað um uppbyggingu innviða sem oftast en ekki fylgir svæðisbundnum háskólum. Í erindinu verður fjallað um Háskólann á Akureyri og hvernig hann hafði áhrif á samgöngur, vegagerð, rannsóknarstofnanir og háhraðanet á Akureyri og nágrenni. Í erindinu verður stuðst við fyrirbyggjandi gögn um þróun háskólans. Niðurstöður eru þær helstar að HA hefur haft veruleg áhrif til að efla innviði á Eyjafjarðarsvæðinu.

Samvinna smáfyrirtækja á Vesturlandi og Háskólans á Bifröst

Ingólfur Arnarson, Háskólinn á Bifröst

Hvaða háskóli gagnist hvaða svæði? Könnunarleiðangur að neðri mörkunum

Peter Weiss, Háskólasetur Vestfjarða

Það er almennt viðurkennt að háskólastarfsemi hefur margvísleg jákvæð áhrif á sitt nærumhverfi, hvar sem háskólarnir eru staðsettir hverju sinni og sést þetta skýrast í litlum samfélögum. Í mjög litlum samfélögum gætir þess að það kunna að vera til neðri mörk, þar sem samfélag er of lítið til að geta nýtt sér nærveru háskólasamfélags í sína þágu að fullu, þó háskólinn sjálfur þrífist þar samt sem áður. Höfundur er út frá tíu ára reynslu sem forstöðumaður lítillar einingar á háskólastigi að lóða eftir neðri mörkunum og einhverjum skerjum, sem kunna að leynast þar.

Háskólamenntun og byggðaðróun

Þóroddur Bjarnason, Háskólinn á Akureyri

Málstofa 11: Social innovation and planning from below – Nordic cases (M102)

Málstofa 12: Stjórnun fyrirtækja (M201)

Konur og karlar í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi og í Noregi

Laufey Axelsdóttir, Háskóli Íslands

Árið 2015 voru Ísland og Noregur í efstu tveimur sætum árlegrar úttekta Alþjóðæfnahagsráðsins á kynjajafnrétti. Þegar jafnrétti í æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja er skoðað þá er Ísland aftur á móti í 32. sæti og Noregur í 43. sæti. Konur á Íslandi og í Noregi hafa í talsverðan tíma verið í meirihluta þeirra sem lokið hafa framhalds- og háskólamenntun. Þá er atvinnuþátttaka kvenna og karla er svipuð í löndunum. Því duga útskýringar um kynjamun í menntun og atvinnuþátttöku skammt til að skýra þennan mun. Til að stuðla að auknu jafnrétti í atvinnulífinu voru sett lög um kynjakvóta við stjórn fyrirtækja. Þau hafa reynst árangursrík leið til að fjölga konum í stjórnnum fyrirtækja, bæði á Íslandi og í Noregi. Lögin virðast þó ekki stuðla að auknu kynjajafnrétti í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja eins og vonir voru bundnar við.

Í erindinu verður fjallað um niðurstöður sem byggja á könnun sem send var til æðstu stjórnenda á Íslandi og í Noregi árið 2014 og 2015. Svör bárust frá 1388 stjórnendum. Markmiðið er að stuðla að auknum skilningi á lágu hlutfalli kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja. Annars vegar með því að varpa ljósi á það hvort stjórnendur á Íslandi og í Noregi telji að kynjaðar væntingar og kynjaðar hindranir geti mögulega útskýrt lágt hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum. Hins vegar með því að skoða hvort stjórnendur álíti að jafnvægi í fjölskylduábyrgð, ráðningarstefnur og jákvæð mismunun geti stuðlað að bættu kynjajafnvægi í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja.

Stjórnendur; skiptir stuðningur maka og fjölskyldu máli?

Ólöf Júlíusdóttir, Háskóli Íslands

Stuðningur sem stjórnendur fá frá fjölskyldu og maka skiptir máli fyrir starf þeirra og frama. Minni fjölskylduábyrgð veitir þeim aukið frelsi til að verja bróðurparti af tíma sínum í vinnunni og auka þannig líkur á framgangi í starfi ef horft er til hugmynda um hollustu. Í þessu erindi verður annars vegar fjallað um mun á stuðningi sem konur og karlar í framkvæmdastjórn fá frá maka og fjölskyldu og hins vegar hvernig sá stuðningur kemur við framkvæmdastjóra. Þær niðurstöður sem hér eru kynntar eru hluti af nýlegri könnun sem send var til æðstu stjórnenda í 250 stærstu fyrirtækjum landsins. Konur í

stjórnunarstöðum taka meiri ábyrgð á börnum sínum og finnst nauðsynlegt að makar skipti fjölskylduábyrgð jafnt á milli sín. Karlar aftur á móti eyða almennt minni tíma með börnum sínum og telja það ekki mikilvægt að fjölskylduábyrgð sé jöfnum höndum skipt á milli maka og þeirra sjálfra. Þegar samanburður er gerður á milli æðstu stjórnenda og framkvæmdastjóra þá eyða þeir síðarnefndu meiri tíma í vinnunni og ferðast meira sem gerir það að verkum að minni tími gefst fyrir fjölskyldu, óháð kyni. Eiginkonur karlkyns framkvæmdastjóra vinna minna eða eru heimavinnandi í mun meira mæli ef borið er saman við maka karlkyns stjórnenda. Þetta horfir öðruvísi við meðal kvenna sem eru við stjórnvölinn, eiginmenn þeirra vinna álíka mikið ef ekki meira en þær sjálfar. Karlkyns framkvæmdastjórar hafa meiri stuðning heima við og eyða 40% þeirra aðeins 0-25% af tíma sínum í umönnun barna sinna á meðan engin kvenkyns framkvæmdastjóri sinnir þeim svo lítið.

Fjölbreytni og einsleitni ofh mannauðs – staða og stuðningur

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Í erindinu er fjallað um mikilvægi fjölbreytileika á vinnumarkaði og getu og vilja opinberra hlutafélaga (ohf fyrirtækja) á Íslandi til þess að laða til sín fjölbreytt vinnuafli. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er atvinnurekendur skyldur að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Auk þess er fyrirhugað að innleiða tvær Evróputilskipanir, annars um jafnrétti án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna og hins vegar atvinnumálatilskipun sem kveður á um bann við hvers konar mismunun á vinnumarkaði t.d. vegna aldurs, kynhneigðar, trúar/lífsskoðunar eða fötlunar. Það er því ekki einungis val atvinnurekenda að stunda markvissa fjölbreytileikastjórnun (e. diversity management) heldur er það skylda þeirra og verður senn bundið í lög. Í erindinu verða niðurstöður greiningar á fjölbreytni meðal starfsfólks opinberra hlutafélaga á Íslandi til umfjöllunar. Annars vegar er um að ræða niðurstöður spurningakönnunar sem lögð er fyrir framkvæmdastjóra/mannauðsstjóra fyrirtækjanna og hins vegar niðurstöður viðtalsrannsóknar við valda stjórnendur. Leitað er svara við því hver staðan er hjá fyrirtækjunum, hvernig ráðningarferlar eru, hvort markviss vinna eigi sér stað til þess að opna á frekari fjölbreytni og hvort sú vinna nái heilt yfir formgerð fyrirtækjanna. Niðurstöður liggja fyrir í maí 2016 en þær munu sýna hvernig íslensk ohf fyrirtæki eru í stakk búin til að mæta samkeppni á vinnumarkaði í íslensku og alþjóðlegu tilliti og samfélagslega ábyrgð þeirra. Auk þess munu niðurstöður veita mikilvægar vísbendingar um þær kerfislegu hindranir sem eru til staðar til þess að auka fjölbreytni á vinnumarkaði og nauðsynlegar umbætur á sviðinu.

Stuðningur við skólastjóra í nám og á vettvangi að námi loknu

Anna Þóra Baldursdóttir og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Háskólinn á Akureyri

Í erindinu er sagt frá hluta stærri rannsóknar um áhrif sem meistaranám hafði á skólastjórnendur sem það stunduðum og þeim ávinningi sem þeir töldu það hafa faglega á þá sjálfa og skólana sem þeir stýrðu. Einkum er fjallað um hvaða stuðning skólastjórnendur fengu til að stunda námið og á vettvangi að námi loknu. Fjallað er um hvernig hvernig skólasamfélagið tekur á móti þeim að námi loknu; hvernig þeim tekst að koma hugmyndum sínum og nýlærðri vitneskju í framkvæmd og hvað er það sem helst stendur í vegi fyrir því. Niðurstöður byggja á viðtölum við 14 skólastjóra sem lokið höfðu námi í skólastjórnun við kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Velt er upp hugmyndum um nánara samstarf skóla, rekstraraðila skóla/sveitarfélaga og kennaramenntastofnana en erlendar rannsóknir sýna að virk og mikil samvinna þessarar aðila og þátttaka er liður í því að tryggja gæði náms á vettvangi og efla skólastarf. Reynt er að varpa ljósi á það hvernig stuðningi við skólastjóra er háttað og hvernig efla megir markvissa samvinnu háskóla og sveitarfélaga um starfsþróun skólastjóra og stuðning í starfi til þess að ná enn betri árangri í skólastarfi til framtíðar.

Í átt að straumlínustjórnun

Heiðdís Jónsdóttir og Eðvald Möller, Háskóli Íslands

Markmið og tilgangur rannsóknarinnar er að benda á hvaða þættir þurfi að vera til staðar svo innleiðing straumlínustjórnunar verði árangursrík og ná fótfestu innan fyrirtækja. Hér eru birtar niðurstöður rannsóknar hjá fyrirtæki sem farið hefur í gegnum ferli straumlínustjórnunar en aðferðafræðin hefur farið sigurför um heiminn, sérstaklega í Japan, Norður-Ameríku og Evrópu. Sífellt fleiri íslensk fyrirtæki bætast í hóp þeirra sem fara þessa leið við að hagræða í rekstri og ná betri árangri. Í byrjun var áherslan sérstaklega á framleiðslufyrirtæki en nú hefur athyglin beinst í auknum mæli að skrifstofuumhverfinu þar sem einnig má ná fram gríðarlegum árangri með aðferðum straumlínustjórnunar. Þessi hugmyndafræði hefur þróast með árunum þar sem margir hafa lagt hönd á plóg við að auka við þá þekkingu sem hún ber með sér. Sjálf rannsóknin er tvíþætt en í henni er notast við bæði meginlega og eigindlega aðferð. Tuttugu spurningar voru lagðar fyrir 40 starfsmenn alþjóðlega heilbrigðistækni-fyrirtækis Össur. Fyrstu 18 spurningarnar voru settar fram samkvæmt meginlegri aðferð þar sem um lokuð svör var að ræða, en síðustu tvær voru opnar og er því notast við eigindlega aðferð við greiningu á þeim. Auk þess er byggt á tveimur viðtölum sem voru bæði opin og metin með eigindlegri aðferð.

Niðurstöður voru þær að innleiðing straumlínustjórnunar krefst mikils úthalds og eftirfylgni. Stuðningur stjórnenda er algjört lykilatriði og fræðsla og þjálfun mikilvægur liður í því að fá starfsmenn með í verkefnið en það telja þátttakendur nauðsynlegt svo að innleiðingin heppnist vel. Rannsóknin sýndi að með straumlínustjórnun næst umtalsvert meiri framleiðni sem byggir á styttri ferlum og færri mistökum. Jafnframt fær starfsfólk tækifæri til að blómstra og í niðurstöðum mátti greina aukna starfsánægju á vinnustaðnum eftir innleiðinguna. Slíkar niðurstöður ættu að vera hvati fyrir önnur fyrirtæki til að innleiða straumlínustjórnun.

Viðhorf stjórnenda til straumlínustjórnunar

Eðvald Möller og Eydís Ýr Rosenkjær, Háskóli Íslands

Tilgangur þeirrar rannsóknar sem hér um ræðir er að varpa ljósi á viðhorf stjórnenda til straumlínustjórnunar. Straumlínustjórnun gengur út á að auka virði fyrir viðskiptavininn með lágmarkskostnaði. Til að ná markmiðinu þurfa fyrirtæki og stofnanir að gera sér grein fyrir því að auka þarf flæði vörunnar og/eða þjónustunnar í gegnum alla virðiskeðjuna. Koma þarf í veg fyrir alla soun sem á sér stað í ferlinu, frá upphafi til enda, þar sem ekki er nægilegt að eyða henni einungis á einangruðum svæðum. Því er mikilvægt að búa til ferla sem krefjast minna handafls, pláss, fjármuni, valda síður mistökum eða göllum og krefjast styttri tíma við afgreiðslu á vöru og/eða þjónustu. Hægt er að nota straumlínustjórnun í hvaða starfsemi sem er og með því að innleiða aðferðafræðina hefst ný og stefnumörkuð vinna. Markmið og tilgangur rannsóknar er að kanna viðhorf stjórnenda til straumlínustjórnunar og leitast er við að svara rannsóknarspurningunni: Þekkja stjórnendur Landspítalans aðferðafræði straumlínustjórnunar? og hins vega Upplifa stjórnendur að þeir hafi fengið fullnægjandi fræðslu og þjálfun í aðferðafræði straumlínustjórnunar? Einnig er kannað hvaða leiðir við innleiðingu eru skilvirkastar að mati stjórnenda. Rannsóknin byggir á meginlegum aðferðum þar sem unninn var spurningalisti sem innihélt 18 spurningar og var hann lagður fyrir 169 stjórnendur. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að vel er staðið að fræðslu til stjórnenda um straumlínustjórnun en bæta þarf verklega þjálfun. Vel hefur tekist að kynna tilgang og framtíðarsýn með innleiðingunni og almennt telja stjórnendur að innleiðingin sé að skila tilætluðum árangri. Niðurstöður gefa nýja sýn á innleiðingarferli straumlínustjórnunar hjá fyrirtækjum og stofnunum með því hefja verklega þjálfun lykilstarfsmanna á sama tíma og fræðsla á sér stað.

Málstofa 13: Einkageirinn og hið opinbera (M202)

Er „inn“ að vera gamaldags?

Þórhallur Guðlaugsson, Háskóli Íslands

Nokkuð skiptar skoðanir eru á því hvort ímyndarþátturinn „gamaldags“ sé jákvæður eða neikvæður þegar lagt er mat á ímynd vöru eða þjónustu. Í þessari rannsókn er byggt á tveimur sjálfstæðum könnunum þar sem sami spurningalisti var notaður og. Í spurningalistanum eru svarendur m.a. beðnir um að taka afstöðu til tiltekinna ímyndaratriða þegar bankar og sparisjóðir eru annars vegar og er ímyndarþátturinn „Gamaldags“ einn af þeim. Gagnaöflun fór fram í febrúar og mars 2013 og voru kannanirnar bornar saman hvað varðar kyn, aldur og afstöðu til efnisspurninga. Í ljós kom að ekki var um mun að ræða sem uppfyllti 95% marktektarkröfu og því voru svör sett saman í einn gagnagrunn, þegar ógildum svörum hafði verið eytt út var heildarfjöldi svara 563 og af þeim voru 63% konur, 35% voru 29 ára eða yngri, 29% voru 30-39 ára og 37% voru 40 ára eða eldri. Markaðshlutdeild stóru bankanna var mjög svipuð en hver um sig hafði um 30% markaðshlutdeild sem er í ágætu samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir um það.

Í ljós kemur að viðskiptavinahópar sjá ímyndarþáttinn „Gamaldags“ mjög ólíkum augum. Þannig virðast viðskiptavinir Landsbankans sjá hann sem jákvætt atriði sem fylgi öðrum jákvæðum eiginleikum eins og „Trausti“, „Samfélagslegri ábyrgð“ og „Persónulegri þjónustu“. Þessu virðast viðskiptavinir hinna bankanna ósammála en bæði viðskiptavinir Íslandsbanka og Arion banka virðast sjá ímyndarþáttinn sem neikvætt atriði. Hjá báðum hópunum fylgir ímyndarþátturinn „Gamaldags“ ímyndarþættinum „Spilling“ og hjá báðum hópunum tengja þeir „sinn“ banka síður við þessa tvo eiginleika og frekar við þá jákvæðu.

Starfsánægja og heilsa opinberra starfsmanna á umbrotatímum

Hjördís Sigursteinsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Allt frá því að efnahagshrunið átti sér stað á haustdögum 2008 hafa skipulagsheildir þurft að hagræða í sínum rekstri, ekki síður sveitarfélögin, þó hrunið hafi ekki komið jafn mikið við þau eins og marga aðra starfsemi. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða starfsánægju og heilsu starfsmanna 20 sveitarfélaga árin eftir hrun og sjá hvernig starfsánægjan og heilsan breytist eftir því sem lengra líður frá efnahagshruninu.

Rannsóknin byggist á blönduðum rannsóknaraðferðum, spurningalistakönnun og rýnihópaviðtölum. Gagnaöflun fór fram á árunum 2010-2013. Rafrænn spurningalisti var lagður fyrir í þrígang, í upphafi árs 2010, og á vordögum 2011 og 2013. Svarhlutfallið var 64,5% í fyrstu fyrirlögninni, 60,3% í annarri fyrirlögn og 61,3% í þeirri þriðju. Það voru 2.971 manns sem svöruðu öllum þremur fyrirlægnum spurningalistans. Einnig voru tekin rýnihópaviðtöl í tveimur sveitarfélögum í byrjun árs 2011 við 53 starfsmenn. Þátttakendur í spurningalistakönnuninni og rýnihópaviðtölunum endurspegluðu kynjahlutfall þýðisins vel.

Niðurstöðurnar sýndu að starfsmenn sveitarfélaga voru almennt ánægðir í starfi sínu þó fleiri og fleiri voru ekki eins ánægðir í síðari fyrirlægnum spurningalistan eins og þeirri fyrstu. Veikindi og veikindafjarvistir starfsmanna jukust einnig á milli allra fyrirlagna spurningalistans og löngun til að hætta í starfi var mun meiri í síðari fyrirlögnunum. Fram kom í máli viðmælanda að langvarandi sparnaður væri verulega farinn að segja til sín og sú vinnugleði sem gjarnan ríkti á vinnustaðnum hefði tapast að miklu leyti. Þessa niðurstöður sýna að mikilvægt er að stjórnendur sveitarfélaga fari að huga mun meira að heilsueflandi vinnumhverfi en nú er gert, starfsfólki til heilla.

Endurskoðunarnefndir

Einar Guðbjartsson og Jón Snorri Snorrason, Háskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst

Í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, er kveðið á um að stjórn skipi endurskoðunarnefnd. Í lögum er ekki fjallað um umfang verkefna í vinnutímum eða hvað hve oft endurskoðunarnefnd skuli funda til að ná markmiði laganna um hlutverk þess. Í þessari rannsókn (survey) verður reynt að fá þekkingu og skilning hvernig endurskoðunarnefndir eru samsettar hjá einingum tengdum almannahagsmunum. Því til viðbótar verður m.a. athugað hversu miklum tíma er varið í nefndarstörf, hvort nefndarmenn eru jafnfram stjórnarmenn, menntun nefndarmanna og fyrri störf, kyn og fleira sem gefur innsýn í starfsumhverfi og umfang endurskoðunarnefnda.

Einingar tengdar almannahagsmunum (Public Interest Entity, PIE) eru félög sem hafa skráða fjármálagerninga. Í sjöundu grein laga nr. 79/2008 er að finna upptalningu á því hvað telst vera eining tengd almannahagsmunum skv. íslenskum lögum, lögaðili sem hefur skráða fjármálagerninga, lífeyrissjóðir, flest fjármálafyrirtæki og váttryggingarfélög.

Þar sem þessi félög eru skyldug til þess að hafa endurskoðunarnefndir þá er þetta þýðið sem rannsóknin kemur til með að hafa. Rannsóknarlegt sem og hagnýtt gildi er að fá þekkingu á m.a. samsetning og umfang endurskoðunarnefnda. Gerð var sambærileg rannsókn 2011 sem stuðst verður við að hluta og í framhaldinu verður gerð samaburðarrannsókn. Hefur eitthvað breyst á þessum fimm árum og þá hvað og hvað hefur ekki breyst? Vonandi að niðurstöðurnar varpi ljósi á þróun aðstæðna og umfang varðandi endurskoðunarnefndir sem vonandi leiða til þess að skilningur eykst og í framhaldinu breytt verklag og janfvel ef þörf er á að löggjöf taki tillit til niðurstöðunnar.

Þetta er fyrsta samanburðarrannsóknin sinnar tegundar þar sem sérstaklega er horft til endurskoðunarnefnda.

Hvað getur skýrt verkfallshneigð opinberra starfsmanna á Íslandi og hvernig er hægt að draga úr verkfallstíðni?

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Háskóli Íslands

Verkföll eru eitt helsta tæki launþega til að ná fram kröfum gagnvart viðsemjendum sínum. Hér á landi var þessi réttur launþega á almennum vinnumarkaði lögfestur árið 1938. Staða opinberra starfsmanna fram eftir 20. öldinni var frábrugðin stöðu launþega á almennum vinnumarkaði hvað samnings- og verkfallsrétt varðaði. Launakjör voru ákvörðuð með lögum. Verkfallsréttur opinberra starfsmanna var afnuminn með lögum 1915. Árið 1976 fengu ríkisstarfsmenn verkfallsrétt þegar um aðalkjarasamning var að ræða og opinberum stéttarfélögum var síðan veitt heimild til verkfallsaðgerða árið 1986. Í þessari rannsókn eru rakin verkföll opinberra starfsmanna þ.e. starfsmanna ríkis og sveitarfélaga frá árinu 1977 og varpað er ljósi á helstu ástæður verkfalla á opinberum vinnumarkaði. Samtals töpuðust á þessu tímabili 1.974.699 dagar vegna verkfalla á íslenskum vinnumarkaði og af þeim er heildarfjöldi tapaðra daga vegna verkfalla á opinberum vinnumarkaði 932.102 eða 47,7%. Þannig má segja að opinberir starfsmenn, sem eru rúmlega fimmtungur íslensks vinnuafis, standi fyrir u.þ.b. helmingi af töpuðum vinnudögum vegna verkfalla hér á landi. Í rannsókninni má sjá tölulegt yfirlit um verkföll á almennum og opinberum vinnumarkaði. Greindar eru ástæður og kröfur stéttarfélaganna sem leiddu til verkfallanna og reiknað er út umfang verkfalla á opinberum og almennum vinnumarkaði þ.e. fjöldi tapaðra daga á hverja 1000 starfsmenn. Raktar eru ástæður tíðra verkfalla meðal opinberra starfsmanna og loks ræddar leiðir til að minnka átök á opinberum vinnumarkaði.

Málstofa 14: Samfella og nýsköpun í skólastarfi (M101)

Mismunandi viðleitni á PISA prófunum eftir landshlutum: Hvað getur hún skýrt og hvað getur hún ekki skýrt?

Þorlákur A. Jónsson, Háskólinn á Akureyri

Rannsóknir OECD á frammistöðu nemenda í lesskilningi ásamt læsi á stærðfræði og náttúrufræði í PISA rannsóknunum hafa bæði fengið athygli fjölmiðla og haft áhrif á stefnumótun yfirvalda menntamála á Íslandi eins og í mörgum öðrum ríkjum. Hér verður athyglinni beint að sambandi mismunandi viðleitni nemenda á prófunum og frammistöðu að teknu tilliti til þess í hvaða landshluta nemendur búa, kyns og þjóðfélagsstöðu. Viðleitni er hér skilgreind sem munurinn á því hversu mikið nemendur lögðu sig fram á PISA prófunum og hversu mikið þeir hefðu lagt sig fram ef prófið gildi til einkunnar. Unnið var úr gögnum rannsóknarinnar frá 2000 – 2012. Gerð var línuleg aðhvarfsgreining á sambandi bakgrunnsbreyta við frammistöðu á prófunum með viðleitni sem skýribreytu. Fram kemur að viðleitni nemenda er meiri á landsbyggðunum en þeir segjast aftur á móti gera minni greinarmun á PISA rannsókninni og prófum sem gilda til einkunnar. Mismunandi þjóðfélagsstaða skýrir þennan mun á landsbyggðum og höfuðborgarsvæði að mestu og frekar en kyn, búsetan sem slík eða viðleitni á prófunum. Rætt verður hvort þessi athugun á viðleitni nemenda sé vísbending um að PISA rannsóknin hafi aðra stöðu í skólakerfum utan höfuðborgarsvæðisins en á því og hvað það þýðir fyrir innra réttmæti rannsóknarverkefnisins gagnvart Íslandi.

Hvers vegna skiptir námsgreinin saga máli?

Bragi Guðmundsson, Háskólinn á Akureyri

Námsgreinin saga og þar með sögukennsla á verulega undir högg að sækja, meðal annars vegna styttingar framhaldsskólans. Í nokkrum þeirra hafa verið skipulagðar stórar námsbrautir án nokkurs söguáfangs. Það vekur áleitnar spurningar um hvort námsgreinin saga sé ekki talin skipta máli fyrir alla framhaldsskólanemendur og hvers vegna svo sé.

Í þessu samhengi er vert að velta fyrir sér hlutverki menningarlegrar samvitundar í heimi sem löngum virðist uppteknari af framtíðarmarkmiðum en baksýnispeglinum. Á Englandi var nýverið tekin ákvörðun um að fella sögu úr skyldunámi 14–16 ára unglinga. Sú ákvörðun hefur verið harðlega gagnrýnd og sögð „highly controversial.“

Hvers vegna er það svo og hvers vegna getum við ekki tekið undir með Henry Ford er hann sagði fyrir tæpri öld, „history is bunk [þvættingur]“? Til þess að skilja það er vert að gaumgæfa mikilvægi sögulegrar vitundar sem byggir á að einstaklingurinn sé meðvitaður um þátttöku sína í ákveðinni framvindu. Fortíðin skiptir hann máli því hún er í senn bakgrunnur þess sem er og jafnframt mótandi afl í viðhorfum og væntingum til þess er verður. Án þeirrar vitundar er hætt við örlagaríkem brestum í samfélagslegum skilningi á eigin aðstæðum og annarra, skilningi sem er mikilvæg forsenda eðlilegra samskipta manna og menningarheima í milli.

Upplýsinga- og samskiptatækni í leikskólastarfi. Hvaðan komum við og hvert erum við að fara?

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Snjalltækni er hluti af daglegu lífi fólks og sífellt yngri börn hafa greiðari aðgang að tækninni, meiri nú en nokkru sinni fyrr. Skólar hafa í auknum mæli væðst nýrri snjalltækni og sjónarmið á gagnsemi, nú eða skaðsemi tækninnar eru bæði sterk og margskonar. Sitt sýnist hverjum og niðurstöður rannsókna sýna bæði jákvæða möguleika og hindranir. Á níunda og tíunda áratugnum urðu tölvur hluti af kennsluefni leikskóla, ekki hve síst eftir tilkomu aðalnámskrár leikskóla 1999. Innleiðing, aðferðir og viðfangsefni geta gefið innsýn í ferli sem læra má af í því sem kalla má tæknivæðingu leikskóla hinni síðari.

Í málstofunni er kynnt rannsókn um tölvur og tækni í leikskólastarfi þar sem tekin voru viðtöl við frumkvöðla í innleiðingu tölva í leikskólakennslu fyrir og eftir útkomu aðalnámskrár leikskóla 1999. Allir eiga það sameiginlegt að vera enn á vettvangi og þátttakendur í spjaldtölvuvæðingunni. Markmiðið rannsóknar var að skoða upphaf tölvuvæðingar leikskóla, áherslur, álitamál og viðfangsefni til að varpa ljósi á það sem má læra af tölvuvæðingu leikskóla á sínum tíma og hvað má taka með sér inn í snjalltæknivæðingu leikskóla sem á sér stað um þessar mundir.

Nýtt form við upphaf leikskólagöngu – fljótlegt, ódýrt og barnmiðað?

Kristín Dýrfjörð, Háskólinn á Akureyri

Upphaf leikskólagöngu er vaðsteinninn í lífi flestra barna og hjá fjölskyldum þeirra. Að byrja með barn í leikskóla getur verið tímafrekt og kostnaðarsamt, bæði fyrir heimilin en líka fyrir atvinnulífið í formi tapaðra vinnustunda. Leið sem er ódýr, fljótleg en hefur á sama tíma uppeldisfræðilegan bakgrunn gæti því verið áhugaverð fyrir leikskóla sem og aðra hagsmunaaðila. Í erindinu verður sjónum beint að nýlegri aðferð sem var þróuð í Svíþjóð og fengin að láni hingað. Samkvæmt henni tekur barn þrjá daga að hefja leikskólagöngu sína í stað viku til 10 daga áður. Í erindinu verður hluti tilviksrannsóknar um aðferðina kynnt. Hún byggir á viðtölum, greiningu á fyrirliggjandi gögnum og könnun sem lögð var fyrir leikskólastjóra. Helstu niðurstöður sýna að hin nýja og sparsamari aðferð hefur tekið yfir eldri aðferðir, sérstaklega í stórum leikskólum þar sem fjölmennir barnahópar hefja leikskólagöngu haust hvert. Það helst í hendur við fjárhagslega hagsmuni leikskólanna, þar sem fé fylgir barni. Hægt er að tengja saman aðferð og fjárhagslegan ávinning og í framhaldið er hægt að velja upp hvort að fjárhagslegur þrýstingur sem margir leikskólastjórar eru undir hvetji þá til að velja hina nýju leið. Frá uppeldisfræðilegu sjónarhorni virðist aðferðin árangursrík, kennarar telja að í henni felist auðveldari upphaf bæði fyrir börnin og leikskólann og fjölskyldur nái að kynnast innbyrðis. Niðurstaðan bendir og til að til að nýjar aðferðir lifi af, sé ekki verra ef þær bæði hagkvæmar kostnaðarlega og séu dæmi um góð vinnubrögð.

Málstofa 15: Allskonar Íslendingar (M102)

Culture and entrepreneurial intent, Iceland and Romania

Svala Guðmundsdóttir, Háskóli Íslands

The purpose of our study is to identify the linkage between national culture and the entrepreneurial intent for a specific demographic group. Thus, we set out to identify the differences induced by cultural context on the entrepreneurial intent of business administration bachelor students, from Romania and Iceland. The study is focused on underlining the motivations that can determine students to start their own businesses and analyzing the extent to which the entrepreneurial motivations have cultural determinations (the classic model Hofstede dimensions). The method employed was a questionnaire-based survey, carried-out in both targeted countries. Based on the Hofstede's societal culture model (1980), the research correlated this differences with four cultural dimensions: individualism/collectivism (IND/COLL), power distance (PD), uncertainty avoidance (UA) and masculinity/femininity (MASC/FEM) in order to highlight national cultural influence on the entrepreneurial process. The results indicate that there are no significant differences between Romanian and Icelandic students, finding that can be explained through the cultural homogeneity of the studied group.

„... ég er öðruvísi en allir hinir í bekknum mínum ...“ Ættleiðd börn, sjálfsmynd þeirra og tengsl við upprunann

Jórunn Elísdóttir, Háskólinn á Akureyri

Umræða um tvímenningarlega félagsmótun og sjálfsmynd ættleiddra barna hefur ekki verið mikil hér á landi. Þetta er þó málefni sem snertir flesta þá sem ættleiða börn frá öðrum löndum en Íslandi. Tengsl við upprunalandið eru talin skipta máli m.a. sem liður í því að hjálpa barninu að skilja ferli ættleiðingarinnar sem og til að þroska jákvæða sjálfsmynd sem á rætur í tveimur menningarheimum. Þetta er hins vegar oft þáttur í tilveru þeirra sem lítill gaumur er gefinn en þarf að taka tilliti til heima og í skóla. Rannsóknir sýna að foreldrar og kennarar vanmeta oft erfiðleika ættleiddra barna við að ræða um málefni tengt uppruna, ættleiðingu og útliti. Erindið fjallar um þetta málefni og rannsóknir meðal foreldra og barna þar sem leitað er svara við því m.a. hvort tengsl við upprunann skipti máli, hvernig tengsl þetta eru sem og áhrif þessa á sjálfsmynd og þroska einstaklinga.

Glöggt er gests augað, útsendir starfsmenn á Íslandi

Svala Guðmundsdóttir, Háskóli Íslands

Í kjölfar hnattvæðingar hefur hreyfanleiki fólks á milli landsvæða aukist. Fyrirtæki eiga oft dótturfyrirtæki í fjölmörgum löndum og fólk starfar í auknu mæli við fjölmennningarlegar aðstæður. Innan alþjóðlegrar mannauðsstjórnunar hefur talsvert verið fjallað um útsenda starfsmenn og þær áskoranir sem geta fylgt þegar þeir flytja til annarra landa. Hins vegar er til af rannsóknum um upplifun erlendra útsendra starfsmanna á Íslandi og markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvernig útsendum starfsmönnum gekk að aðlagast íslenskri menningu, fyrirtækjamenningu og að eiga samskipti við Íslendinga. Gerð var eigindleg rannsókn og tekin voru tólf viðtöl við útsenda starfsmenn búsetta á Íslandi í þeim tilgangi að kanna menningaraðlögun, vinnustaðaaðlögun og samskiptaaðlögun þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að það er frekar auðvelt fyrir útsenda starfsmenn að aðlagast almennt á Íslandi, sérstaklega ef þeir eru frá nálægum löndum í Evrópu eða Norður-Ameríku. Niðurstöður rannsóknarinnar benda enn fremur til þess að almennt var auðvelt að aðlagast íslenskri fyrirtækjamenningu og viðmælendur upplifðu almennt meiri sveigjanleika og fríðinda en þeir voru vanir. Íslensk fyrirtæki geta þó boðið starfsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á meiri þjálfun en þau gera núna, bæði fyrir flutning og eftir komuna. Að lokum ber að nefna að niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að útsendir starfsmenn voru almennt ánægðir með samskipti þeirra við Íslendinga þó svo að það gat verið erfitt að kynnast Íslendingum til að byrja með.

Málstofa 16: Saga, menning og breyttar aðstæður (M201)

Ættarnöfn á Íslandi í fortíð og framtíð

Páll Björnsson, Háskólinn á Akureyri

Veturinn 2013–14 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um mannanöfn. Það gekk í stórum dráttum út að leggja niður mannanafnanefnd og rýmka reglur um nafngiftir, bæði hvað varðaði skírnar- og ættarnöfn. Þannig átti að auðvelda fólki að taka upp ný ættarnöfn þótt ekki sé ljóst hve víðfeðmur sá réttur átti að verða. Áfram skyldi fólk þó hafa leyfi til að kenna sig við móður sína eða föður. Óvíst er hvað verður um þetta frumvarp en ljóst er að deilur standa um efni þess. Í erindinu er ætlunin að greina þau sjónarmið sem uppi hafa verið, einkum með því að varpa sögulegu ljósi á þau. Lítið verður til síðustu 150 ára en á þeim tíma hafa deilur um ættarnöfn á köflum verið ákafar, jafnvel hatrammar, einkum á öðrum og þriðja áratug 20. aldar. Tengist það því að árið 1913 voru sett lög sem heimiluðu fólki að taka upp ný ættarnöfn en tólf árum síðar voru hins vegar samþykkt lög sem spornuðu við upptöku nýrra ættarnafna. Áhugavert er í þessu sambandi að velta fyrir sér hvers vegna Íslendingar fóru ekki að dæmi norrænu nágrannaþjóðanna í þessum efnum sem leiddu ættarnöfn í lög á 19. öld. Þá verður kannað að hve miklu leyti deilurnar hérlandis varpa ljósi á íslenska þjóðernishyggu, hlutverk sameiginlegra minninga og sjálfsmyndir Íslendinga.

Íslensk þjóðmenning í ljósi menningarvidda Hofstede, samanburður við engilsaxneska, germanska og norræna þjóðmenningu

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Háskóli Íslands

Rannsóknir Geert Hofstede á þjóðmenningu og framsetning hans á stjórnun innan ólíkra menningarheima hefur haft mikil áhrif á skilning manna á mismunandi menningu skipulagsheilda í ólíkum löndum. Þannig hafa menn öðlast meiri skilning á menningarlegum mismun skipulagsheilda sem hefur haft mikil áhrif á stjórnunarfræðin. Fræðimenn eins og Hofstede (2002) og House et al. (2004) hafa flokkað samfélög í vel þekktu menningarklasa eins og engilsaxneskan klasa, germanska klasa og norræna klasa. Hins vegar hefur Ísland ekki verið getið í þessum rannsóknum. Með hliðsjón af hinum fimm menningarviddum sem kenndar eru við Hofstede, er varpað ljósi á þjóðmenningu Íslands með hliðsjón af menningarviddum Hofstede og reynt að sýna fram á hvernig íslensk þjóðmenning er frábrugðin þjóðmenningu engilsaxneska, germanska og norræna landa. Spurningalisti, VSM94, var sendur til nemenda á félagsvísindasviði Háskóla Íslands í október 2013.

Um uppbyggingu spítalastarfsemi á Íslandi eftir miðja 19. öld

Sigurgeir Guðjónsson, Akureyrarakadémin

Í þessu erindi verður rakið hvernig einkaaðilar komu að spítalarekstri á Íslandi eftir miðja 19. öld. Árið 1863 höfðu embættismenn og kaupmenn í Reykjavík frumkvæði að stofnun spítala í Reykjavík og gaf Carl H. Siemens kaupmaður klúbbhúsin tvö við endann á Aðalstræti til starfseminnar. Félagið var nefnt Sjúkrahúsfélag Reykjavíkur og flutti það síðan starfsemi sína að Þingholtsstræti 25 árið 1884. Einnig má nefna að Friðrik Guðmann hafði gefið hús sitt, (Guðmanns Minde á Akureyri) undir spítalarekstur. Á níunda áratug aldarinnar komu hinsvegar fram hugmyndir um skyldur ríkisins og sveitastjórna gagnvart þeim sem minna máttu sín í samfélaginu. Hvaðan komu þessar hugmyndir og hverjir báru þær uppi? Komið verður með dæmi um hvernig einkaaðilar og landstjórnin vísuðu hvort á annað þegar kom að því að ákveða hverjir og hvernig skyldi staðið að því að kosta rekstur og uppihald spítalastofnanna í landinu. Ákveðin tímamót urðu síðan árið 1907 þegar Kleppspítali var settur á laggirnar, fyrsti spítalinn á landinu sem var kostaður úr landsjóði.

Framleiðsla og sala við breyttar aðstæður

Ágúst Einarsson, Háskólinn á Bifröst

Viðskipti með vörur og þjónustu standa frammi fyrir gerbreyttum aðstæðum næstu áratugi. Lýst er nokkrum ástæðum þessa og afleiðingum, eins og örri fólksfjölgun, kröfum um hærra menntunarstig, miklum tækniframförum, aukinni sjálfvirkni, vaxandi vandamálum vegna mengunar og öfgahyggju. Virðisbætur í framleiðslu breytist með aukinni notkun vélmenna sem mun hafa mikil áhrif á vinnumarkaði. Sífellt minni þörf verður fyrir ófaglært starfsfólk sem eykur nauðsyn á sérhæfðari menntun enn meira en áður. Litið verður til stöðu Íslands á þeim vettvangi og hættu á vaxandi fólksflótti í kjölfar breyttra aðstæðna. Svið verslunar með afurðir verður að líta á í stærra samhengi en áður þar sem markaðssetning verður sífellt mikilvægari. Alþjóðleg matvælaframleiðsla eins og Íslendingar stunda á sviði sjávarútvegs verður áfram mjög þýðingarmikil í hagkerfi okkar en framfarir í fiskeldi, kynbótum og erfðabreytingum breyta umgjörð framleiðslu og sölu á því sviði verulega á næstu árum. Minni soun við framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla verður eitt helsta viðfangsefni efnahagslífsins á næstu árum og má líkja því verkefni við Grænu byltinguna á sjöunda áratug síðustu aldar sem á veigamikinn þátt í bættum lífskjörum íbúa heims. Atvinnuháttabylting síðustu og næstu áratuga mun beina sjónum að fjölmörgum nýjum skapandi atvinnugreinum sem, oft á grunni menningariðnaðar, fela í sér mikil tækifæri til góðra lífskjara fyrir þjóð eins og Íslendinga ef rétt er á málum haldið.

Hvað eru vinnufélagsfræðingar að pæla?

Ingi Rúnar Eðvarðsson, Háskóli Íslands

Í erindinu verður fjallað um upphaf og þróun atvinnulífsfélagsfræði hér á landi. Gerð verður grein fyrir rannsóknaraðferðum, kenningarlegum forsendum og helstu rannsóknarviðfangsefnum vinnufélagsfræðinga frá upphafi til ársins 2015. Erindið byggir á fræðilegu yfirliti yfir birtingar félagsfræði á þessu sviði (e. literature review). Meðal annars verður rætt um vinnuviðhorf og vinnumenningu og áhrif sögulegra hefða við skipulag atvinnulífsins. Ennfremur er gerð grein fyrir áhrifum tækni og stjórnunarháttanna á starfsánægju, afköst starfsmanna og samskipti á vinnustöðum. Í erindinu verður einnig rætt um vinnustaði og vald, hagsmunasamtök á íslenskum vinnumarkaði og þróun atvinnulífs og samfélagsgerðar. Atvinnuskipting og atvinnuþróun á Íslandi eru einnig gerð að umtalfefni, sem og áhrif menntakerfis og starfsmenntunar á þessu sviði. Loks verður hugað að stöðu og framtíð íslenskrar atvinnulífsfélagsfræði.

Málstofa 17: Matsaðferðir og markaðsmál (M202)

Handan svarhlutfalls: Aðferðir við mat á gæðum úrtakskannana með tilliti til brottfallsskekkju og mælivillu

Anton Karlsson, Hagstofa Íslands

Svarhlutfall hefur löngum verið einn helsti mælikvarði á gæði úrtaksrannsókna. Lækkandi svarhlutfall kann því að valda minnkandi trausti notenda á niðurstöðum kannana. Svarhlutfall hefur hins vegar lága fylgni við brottfallsskekkju (Groves & Peytcheva, 2006) auk þess sem ofuráhersla á hátt svarhlutfall getur haft í för með sér aukna hættu á mæliskekkju (Kreuter, Müller & Trappmann, 2010). Til að bregðast við þessu hafa nýjar aðferðir verið þróaðar til að meta hættuna á brottfallskekkju í könnunum (Wagner, 2012; Schouten, Cobben & Bethlehem, 2009) auk þess sem hægt er að skipuleggja gagnasöfnun með þeim hætti að hættan á brottfallsskekkju er lágmörkuð (Grove & Heeringa, 2006).

Í erindinu verða tengsl svarhlutfalls og brottfallsskekkju skoðuð með gögnum úr úrtaksrannsóknum Hagstofu Íslands og upplýsingum úr skrám. Að auki verður fjallað um aðrar aðferðir sem hægt er að beita við mat á gæðum kannana, með sérstakri áherslu á mælivillu og brottfallsskekkju.

Kostnaðarstjórnun – veikleikar við mat á innleiðingu hagræðinga –

Einar Guðbjartsson, Háskóli Íslands

Kostnaðarstjórnun er eitt að mikilvægustu hugtökunum í rekstri félags. Oftar en ekki, skipar þetta hugtak ekki háan sess, vegna annarra „mikilvægra atriða“. Þrátt fyrir þetta, þá er frammistaða forstöðumenn, deildarstjórar og framkvæmdastjórar metin eftir því hversu vel þeim tekst til að „hagræða“ og hafa „hemil“ á kostnaði, innan fyrirtækis eða deildar. En hvernig á að meta „hagræðingu“ og hvað er „hagræðing“ og við hverjum má búast þegar hagræðing er innleidd? Er allt hagræðing, ef það „lækkar“ kostnað og „eykur“ hagnað?

Fyrirtæki og stofnanir þurfa að taka ákvarðanir um rekstrarhagræðingar m.v. ákveðnar forsendur. Síðar eru sömu aðilar metnir eftir því hvernig „gengur“ þ.e. hversu vel innleiðing hefur gengið og hver er fjárhagslegur árangur hagræðingarinnar. Oft gengur ekki eins og áætlað var, á pappírnum, er hver eru helstu mistökin við mat á árangri hagræðinga? Hvenær er hægt að meta árangur af hagræðingu? Hvað forsendur voru notaðar við ákvörðun um ráðast í hagræðingu og hvaða forsendur eru notaðar við mat á þeim árangri?

Ef sambærilegar forsendur eru ekki notaðar við mat á árangri af hagræðingu og þegar hún var tekin, er þá þetta mat áræðanlegt? Eru hagræðingar „allar eins“ eða eru „engar eins“? Mjög mikilvægt er að stjórnendur með stjórnunarlegan ákvörðunarrétt hafi þekkingu á forendum annars vegar við ákvörðun

og hins vegar við mati á árangri hagræðinga. Rekstrarhæfi fyrirtækis veltur oft en ekki á hagræðingum sem gerðar eru.

Skilamat

Eðvald Möller, Háskóli Íslands

Högun framkvæmda á vegum ríkisins hefur þróast síðan lög um opinberar framkvæmdir voru sett árið 1970. Umhverfið, í öllum skilningi, er ekki það sama nú og það var fyrir 40 árum. Lög og reglur, samfélagið, tæknin og fleira hefur breyst og þróast og eðlilegt er að reikna með því að flest annað geri það líka. Skilamat er samantekt sem gerð er af Framkvæmdasýslu ríkisins vegna framkvæmdar sem fjármögnuð er af ríkisfé. Um skilamat er kveðið á í lögum um opinberar framkvæmdir og það er hluti af því að tryggja að ríkisframkvæmdir séu eins hagkvæmar og skilvirkar og hægt er. Skilamatið á að lýsa framkvæmdinni, bæði í orðum og tölum, og á að gera grein fyrir því hvernig framkvæmdin tókst.

Meginmarkmið þessa erinda er að kanna hver upprunalegur tilgangur skilamatsins var þegar hugmyndin um það kom fyrst fram og fyrstu lögin sett og hver tilgangur þess er núna. Að lokum er metið hvort breyting hafi orðið þar á, hvort hún hafi orðið til hins betra eða verra og hvort skilamat eigi enn rétt á sér og sé gagnlegt.

Hverjum þykir sinn fugl fagur

Þórhallur Guðlaugsson, Háskóli Íslands

Rannsóknir sýna að sterkar líkur eru fyrir því að neytendur tengi „sitt“ vörumerki frekar við jákvæða eiginleika en önnur og að vörumerkið hafi sterka vitund í huga þeirra. Eitt af viðfangsefnum vörumerkjastjórnunar er að tryggja að sterk tengsl séu á milli vitundarmælinga (top-of-mind) annars vegar og markaðshlutdeildar hins vegar. Í þessari rannsókn er byggt á tveimur sjálfstæðum könnunum þar sem sami spurningalistinn var notaður og. Í spurningalistanum eru svarendur m.a. beðnir um að nefna hvaða banki eða sparisjóður kemur fyrst upp í hugann og síðar er spurt um hver sé aðalviðskiptabanki viðkomandi. Gagnaöflun fór fram í febrúar og mars 2013 og voru kannanirnar bornar saman hvað varðar kyn, aldur og afstöðu til efnisspurninga. Í ljós kom að ekki var um mun að ræða sem uppfyllti 95% marktektarkröfu og því voru svör sett saman í einn gagnagrunn, þegar ógildum svörum hafði verið eytt út var heildarfjöldi svara 563 og af þeim voru 63% konur, 63% voru 39 ára eða yngri 37% voru 40 ára eða eldri.

Í ljós kemur að hægt er að hafna þeirri tilgátu að ekki séu tengsl á milli þessara tveggja spurninga. Tæp 88% viðskiptavina Landsbankans nefna hann sem þann banka sem kemur fyrst upp í hugann, 90% viðskiptavina Íslandsbanka nefna hann og 85% viðskiptavina Arion banka nefna þann banka. Niðurstaðan er afgerandi þar sem yfirgnæfandi líkur eru fyrir því að viðskiptavinir tiltekins banka nefni hann sem þann banka sem kemur fyrst upp í hugann og má því halda því fram að bankarnir hafi mikla vitund meðal viðskiptavina sinna.